


ÍÐJUPJÁLFINN



ÍÐJUPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS
15. ÁRG JÚNÍ 1993 1. TBL.

Þúsundir Íslendinga

**hafa valið að sofa
vel og heilbrigt.**



Sænsku fjaðradýnurnar frá SCANDISLEEP og SCAPA, tveimur stærstu dýnuverksmiðjum Norðurlanda sem Húsgagnahöllin er einkaumboðsaðili fyrir eru alltaf jafn vinsælar. Hin glæsilega 118% aukning í dýnusölu Húsgagnahallarinnar á síðasta ári segir okkur að sífellt fleiri kjósa að sofa vel og lifa lífinu úthvíldir hressir og kátir og bestu fréttirnar eru þær að það er ekki dýrt að sofa vel.



Í hinni stóru dýnuútstillingadeild Húsgagnahallarinnar er um margar gerðir og stærðir að velja. Hjá sérþjálfuðu starfsfólki okkar færðu bestu þjónustu sem hugsast getur og aðstoð við að velja rétta dýnu. -Og auðvitað bjóðum við besta verðið á markaðnum -það muntu strax sjá.

Húsgagnahöllin

*Hvað
getum við
gjort fyrir
þig?*

BÍLDSHÖFÐA 20 - 112 REYKJAVÍK - SÍMI 91-681199

ÍÐJUPJÁLFINN

VELA

Fellsási 7 - 270 Mosfellsbæ
s. 666110 - fax 667710

Sérverslun með tæki og húsgögn fyrir hreyfihamlaða

Opið frá 9-12 f.h. alla virka daga.

Hringið og fáið bæklinga, upplýsingar um verð og afgreiðslutíma.

RAFDRIFNIR OG RAFSTILLANLEGIR HJÓLASTÓLAR

VELA, úti- og inni-rafmagnshjólastólar, (ný hönnun).

PERMOBIL, úti- og inni-rafmagnshjólastólar, (ný hönnun).

HJÓLASTÓLALYFTUR FYRIR BÍLA, PALLALYFTUR

INTERBILITY, hjólastólalyftur fyrir bíla.

ÞJÁLFUNARLEIKFÖNG - SÉRBÚIN LEIKTÆKI

TFH, leikföng, rofar, þjálfunartæki, rólur, reiðhjól o.fl.

ROMPA, leikföng, þjálfunartæki, dýnur, rólur, trambolin o.fl.

TECH TOYS leikföng, rofar, ljósabox.

(pantið nýjustu bæklingana og fáið verðupplýsingar)

TÆKI FYRIR IÐJUPJÁLFUN OG ÝMIS HJÁLPARTÆKI FYRIR HEIMILISSTÖRF

NOTTINGHAM REHAB, úrval hjálpartækja og búnaðar fyrir iðjupjálfun.
(pantið nýjasta bæklinginn og fáið verðupplýsingar)

BAÐLYFTUR - BAÐKÖR

PARKER BATH veltibaðkör fyrir heimahús og stofnanir.

LYFTUR Í BAÐKÖR frá ýmsum aðilum.

ÍÐJUPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS
Pósthólf 8845
128 Reykjavík

PRENTUN: Offsetfjölritun h.f.
Mjólnisholti 14, 105 Reykjavík

RITNEFND: Elsa Þorvaldsdóttir
Erna Magnúsdóttir
Kristjana Ólafsdóttir
Gunnhildur Gísladóttir

STJÓRN: Hope Knútsson formaður
Valrós Sigurbjörnsdóttir varaformaður
Lilja Ingvarsson gjaldkeri
Bára Sigurðardóttir ritari
Katla Kristvinsdóttir stjórnarmeðl.
Anna Sveinbjörnsdóttir varamaður
Kolbrún Héðinsdóttir varamaður

	Bls.
EFNISYFIRLIT:	
Leiðandi þjálfun	5
Námsferð til Búdapest haustið 1992	7
Hóppjálfun í Öskjuhlíðarskóla	9
Íþróttaskóli fyrir börn	11
Frá fræðslunefnd	25
MOHO - Líkanið um iðju mannsins	29
Handþjálfun	33
Hjúkrunarstarf í Sómalíu	39
Opið hús á vegum Háskóla Íslands 21.3.93	41
Starf hjá svæðisskrst. málefna fatl. á Norðurley.	43
Breytingar á hjálpartækjareglum Tryggingastofn.	47
Öldrunarþjónusta í Háteigskirkju	49
Lausar stöður	52

VELA

Fellsási 7 - 270 Mosfellsbæ
s. 666110 - fax 667710

Sérverslun með tæki og húsgögn fyrir hreyfihamlaða

Opið frá 9-12 f.h. alla virka daga.

Hringið og fáðið bæklinga, upplýsingar um verð og afgreiðslutíma.

HÚSGÖGN

VELA vinnustólar:

Margar staðlaðar gerðir vinnustóla og rafmagnsstóla, sérsníði.

ROPOX vinnuborð, þjálfunartæki, baðborð, eldhús:

Margar staðlaðar gerðir hæðarstillanlegra borða og tækja.

COMPETANCE eldhúsinnréttingar fyrir hreyfihamlaða.

ACCO vörur:

Margar gerðir af borðum fyrir tölvur og prentara.

Ódýr og léttbyggð.

CROYDEX stólar til að hlífa baki í garðvinnu.

TJÁSKIPTATÆKI - UMHVERFISSTJÓRNUN TÖLVUR OG TÖLVUSTJÓRNUN

GEWA, tjáskiptatæki, tölvustjórnun, umhverfisstjórnun, rofar.

GEWA & TÖRMAX hurðaoopnunarbúnaður með fjarstýringu.

TASH, rofar og tölvustjórnun.

POSSUM, rofar og tölvustjórnun.

TFH, rofar.

PERMOBIL, tölvustjórnun, umhverfisstjórnun.

PIKOSYSTEMS, tölvustjórnun, umhverfisstjórnun.

ERGO-REST hvíldararmar fyrir framhandleggi og axlir.

BLAÐA OG BÓKAFLETTARAR

QED, blaða- og bókaflöttarar fyrir íslensk dagblöð, flestar bækur og tímarit.

GEWA, blaða- og bókaflöttarar.

POSSUM, blaða- og bókaflöttarar.

Gerður Gústavsdóttir iðjubjálfi
Helga Guðjónsdóttir iðjubjálfi


LEIÐANDI ÞJÁLFUN

Leiðandi þjálfun er tegund þjálfunar/kennslu fyrir hreyfihömluð börn. Það var ungverskur læknir, Andras Petö, sem var upphafsmaður þessarar aðferðar.

Andras Petö kom á fót stórrri stofnun fyrir hreyfihamlaða í Búdapest, en þar er eingöngu þjálfað eftir þessu kerfi. Í leiðandi þjálfun eru meðferð og kennsla ein heild. Markmiðið er að gera börnin eins sjálfbjarga og kostur er.


Leiðandi þjálfun byggir á 5 undirstöðuatriðum sem öll stuðla að námi:

- Rétt námsumhverfi (sjá mynd af húsgögnum).
- Hópur
- Stjórnandi (Conductor)
- Prógramm og dagleg áætlun
- Ákveðinn reglubundinn taktur



Í leiðandi þjálfun fá börnin þjálfun og kennslu hjá sömu aðilum á einum og sama staðnum.

Í leiðandi þjálfun fer öll meðferð fram í hópum. Börnin fá stuðning hvert frá öðru, hvatningu og læra hvert af öðru.



Notuð eru sérstök húsgögn (sjá mynd). Það eru rimlabekkir, rimlastólar, grindur og kollar. Húsgögnin eru gerð með það í huga að börnin þurfi minni aðstoð og geti frekar treyst á sig. Lögð er áhersla á að barnið læri að halda sér í og æfi þannig grip.

Taktur og söngur er mikið notaður í þeim tilgangi að örva barnið til að gera sjálft. Aðferðin felur í sér notkun talanda, takt og söng til að auðvelda börnunum framkvæmd hreyfinga. Stjórnandinn segir hvað börnin eiga að gera og þau endurtaka setninguna og framkvæma hreyfinguna samtímis.


Hjá SLF er starfræktur hópur, þar sem stuðst er við fyrrgreinda aðferð. Í honum eru 6-8 börn á aldrinum 4-8 ára. Börnin koma daglega kl. 8⁰⁰ og eru fram að hádegi. Dagurinn hefst

með einstaklingsþjálfun það er teygjum og göngubjálfun. Því næst hefst hóppjálfun þar sem notuð eru fyrrgreind húsgögn. Hóppjálfunin skiptist í grófhreyfiæfingar og síðan fínhreyfiæfingar. Í grófhreyfiæfingunum eru börnin í leikfimisfötum. Þá er lögð áhersla á að bæta gang og jafnvægi, auka styrk og úthald og bæta almenna færni. Í fínhreyfiæfingunum gera börnin æfingar fyrir hendur og handleggi og unnið er með samhæfingu. Við leggjum mikla áherslu á að börnin klæði sig úr og í sjálf að svo miklu leyti sem þau geta.

Þessum hópi eru tengdir tveir iðjubjálfar, þrír sjúkrabjálfarar og tvær aðstoðarstúlkur.


Nýlega var byrjað með hóp fyrir yngri börn. Sá hópur kemur þrisvar í viku og er klukkutíma í senn.





Ein einasta yfirdýna tryggir hvaða prinsessu sem er góðan nætursvefn

Góð yfirdýna getur breytt martröð hvaða prinsessu sem er í sælusvefn. Yfirdýnur eru til af ýmsum gerðum. Einn megin-kostur þeirra er hve vel þær einangra gegn kulda. **Latex-dýnur** eru úr náttúrugúmmí, sem



heldur ekki raka að líkamanum og í það safnast hvorki ryk né óhreinindi. **Eggja-**

bakkadýnur verma sérlega vel og mýkja og hafa einstaka fjöðrunareiginleika. Þær henta bakveiku fólki mjög vel. **Yfirdýna úr svampi**, sérsniðin að

þinni dýnu mýkir og vermir rúmið þitt. Þegar þú færð þér nýja, vandaða rúmdýnu er það sjálfsgöð fyrirhyggja að hlífa henni gegn sliti og óhreinindum með þægilegri yfirdýnu. Góða nótt.

**ell
ess**
LYSTADÚN-SNÆLAND hf

NÁMSFERÐ TIL BÚDAPEST HAUSTIÐ 1992

Í október 1992 fór ég til Ungverjlands á fjögurra vikna námskeið í leiðandi þjálfun. Námskeiðið fór fram á Petö stofnuninni í Búdapest og þetta voru bæði fyrirlestrar og við fylgdumst líka með þegar unnið var á stofnuninni. Fyrirlestrarnir fóru fram á ungversku og voru þýddir jafnóðum yfir á ensku. Þar var m.a. fjallað um þessa aðferð, hugmyndir sem liggja að baki henni, rætt um markmið og leiðir, stofnunina og starfsemin þar var kynnt svo eitthvað sé nefnt.

Það var mjög ánægjulegt að fá tækifæri til að heimsækja Petö stofnunina. Innan hennar fer fram kennsla/þjálfun hreyfihamlaðra barna. Flest eru þau spastísk en einnig eru hópar barna með atethoid og ataxíu einkenni og börn með klofinn hrygg. Reyndar eru nokkrir hópar fyrir fullorðna en börn eru í miklum meirihluta. Andrúmsloftið þarna inni er mjög jákvætt og hlýlegt og greinilegt að börnunum líður vel þarna. Leikir og söngur eru mikið notuð við kennsluna. Stjórnendur fá ágætis tíma til að undirbúa tímuna og þarna var mikið um skemmtilega leiki og verkefni. Áberandi er líka hversu jákvæð börnin eru og áköf í að gera það sem lagt er fyrir þau. Auðvitað sjást mótmæli en það er ekki oft.

Þessi stofnun er mjög stór og margs konar starfsemi fer þarna fram. Þarna er t.d. skóli fyrir þá sem læra að verða stjórnendur. Námið er fjögur ár, bæði bóklegt og verklegt. Lögð er áhersla á að nemendur fái viðtæka þekkingu á hreyfihömluðum börnum og að þeir geti sinnt öllum þörfum barnanna, t.d. hreyfiþjálfun og skólanámi. Verklega námið er á stofnuninni og þar eru nemendur m.a. þjálfaðir í að búa til prógröm og að stjórna þeim.

Við stofnunina starfar einnig erlend deild. Það hefur aukist mikið að útlensk börn komi þangað og nefnt var að á síðustu þrem árum komu um 2000 börn. Erlendu börnin eru ýmist í sérhópum eða fara inn í hópa með ungverskum börnum. Þarna eru t.d. enskumælandi þýskumælandi og rússenskumælandi hópar. Þau sem fara inn í ungverska hópa fá túlk með sér ef hægt er. Þarna voru börn alls staðar að úr heiminum m.a. frá Ástralíu, Ísrael, Brasilíu, Nýja Sjálandi, Svíþjóð, Noregi og Íslandi. Undanfarin sumur hafa stjórnendur frá Petö stofnuninni tekið þátt í sumarþúðum fyrir hreyfihömluð börn þar sem börnin eru í leiðandi þjálfun. Þetta hefur t.d. verið á Englandi, Írlandi og nú Austurríki. Þar hafa starfað saman ungverskir stjórnendur og fólk frá viðkomandi

löndum sem vinnur við þetta.

Stærsti hluti stofnunarinnar er sá sem sinnir kennslu/þjálfun hreyfihamlaðra barna. Börnin koma ung þangað, fyrir og um eins árs aldur. Þá koma þau með foreldrum og kennd eru rétt handtök t.d. við bleijuskipti og mótun. Foreldrar og börn koma reglulega í heimsókn til að byrja með en fara síðan í hóp með öðrum, s.k. mother/baby group eða foreldrahóp. Þessir hópar eru tvisvar í viku tvo klukkutíma í senn til að byrja með og eftir ákveðinn tíma koma þeir á hverjum degi. Mér leist mjög vel á þessa hjópa. Börnin fá mikla þjálfun frá ungma aldri, ef kalla má þetta þjálfun, og foreldrar læra rétt handtök og hvernig gott er að örva börnin.

Ef þurfa þykir þá fara börnin í leikskólahópa við þriggja ára aldur. Foreldrar eru ekki með þar. Það fer eftir ástandi barns hvort það er daglangt á stofnuninni, kemur hálfan daginn eða jafnvel tvisvar í viku. Sum barnanna voru í dagvistun á almennum leikskóla að hluta til, t.d. á morgnanna og komu svo þarna eftir hádegið. Við sáum hópa sem komu bara tvisvar í viku og það voru krakkar sem voru öll á fæti og í nokkuð góðu ástandi. Það er alltaf reynt að koma börnunum inn á almenna leikskóla eins fljótt og hægt er og þá fyrst hluta úr degi og síðan að smáauka það.

Þegar börnin hafa aldur til fara þau í skóla og þá innan stofnunarinnar ef

þarf. Þá eru þau daglangt í prógrömmum, sem ýmist eru hreyfi- prógrömm eða skólakennsla. Það er eins með þessa krakka og á leikskólanum að þau eru send í almennan skóla ef hægt er. En börn verða að vera sjálfbjarga og án hjálpartækja til að komast í almennan skóla.

Heimavist er starfrækt þarna fyrir þau börn sem eiga heimili langt frá Búdapest eða ef þau geta ekki einhverra hluta vegna búið hjá foreldrum sínum. Þau sem geta fara heim um helgar eins oft og hægt er. Börnin á heima- vistinni sváfu á rimlabekkjum sem notaðir eru í þjálfuninni (fengu reyndar dýnu undir sig) og ekki er hægt að neita því að það var hálfnoturlegt að sjá þau fara að sofa á bekkjunum.

Þau börn sem fóru í almenna skóla fengu eftirfylgd frá stofnuninni og komu þangað reglulega í eftirlit.

Það er ekki hægt að segja frá þessari ferð án þess að minnst á sjálfa borgina, Búdapest. Þetta er virkilega skemmtileg og falleg borg, mikið af fallegum byggingum, listasöfnum og leikhúsum svo eitthvað sé nefnt. Bílakosturinn er fornlegur, aðaluppistaðan eru trabantar og lödur, og mengunin er eftir því. Mannlífið er fjölbreytt og það er óhætt að mæla með þessari borg fyrir þá sem eru á faraldsfæti.

Katla Kristinsdóttir

HÓPPJÁLFUN Í ÖSKJUHLÍÐARSKÓLA



Í starfi mínu við Öskjuhlíðarskólann hef ég tvo undanfarna vetur tekið þátt í hóppjálfun með 4 hreyfihömluðum nemendum ásamt sjúkráþjálfara, þroskaþjálfara og kennurum. Hópurinn starfar 3svar í viku 2-3 klst. í senn, auk þess er sund 1 sinni í viku.

Við byggjum þjálfun okkar á kenningum Petö, sem var ungverskur læknir. Í Bretlandi kallast þessi þjálfun og

kennsla Conductiv education (leiðandi þjálfun).

Meðferðin fer fram í hóp og skiptast starfsmenn á að stjórna henni. Við köllum hópinn okkar "Jakaklúbb" og er hann eins og hver annar klúbbur nema hvað þarna eru miklir jakar á ferð. Markmiðið er að gera nemendur eins sjálfbjarga og hægt er með eða án hjálpartækja. Í hópnum fer fram

þjálfun á gróf- og fínhyfingum, göngubjálfun og teygjur ásamt ADL þjálfun. Nemendur fylgjast hverjir með öðrum og læra hver af öðrum, en geta þeirra er misjöfn og þ.a.l. þarfirnar. Meðferðartíminn verður eðlileg heild af því sem barnið gerir yfir daginn.

Barn með c.p. þarf að læra hvernig það á að framkvæma hlutina, sem kemur af sjálfu sér hjá öðrum börnum. Þess vegna er tíminn mjög mikilvægur.

Petö staðhæfir að enginn einn tími dagsins sé mikilvægari en annar til þess að læra. Allar athafnir daglegs lífs á að nota til þess að læra af þeim. Sérhverjar aðstæður eru námsaðstæður fyrir barn með c.p.

Eftir starfið fyrsta veturinn, þ.e. fyrir ári langaði okkur að auka við þekkingu okkar á þessari aðferð. Útséð var að þessi þjálfun myndi halda áfram komandi vetur.

Í fyrrasumar sóttum við, ég og Sigríður Bjarnadóttir þroskabjálfanámsskeið í Englandi sem bar heitið "Promoting the development of children with cerebral palsy". Námskeiðið stóð yfir í 5 daga. Það var ætlað fagfólki sem hefur reynslu í starfi með börnum með c.p. byggða á kenningum Petö. Það var haldið við Percy Hedley school í Newcastle, sem er sérskóli með 120 nemendur þar af 63 með cerebral palsy og 57 með tal- og málörðugleika.

Námskeiðið byggðist á fyrirlestrum, verkefnum og heimsóknunum í skólann og fleiri staði.

Á þessum stað er ungverska aðferðin notuð, en aðlöguð að þeirra aðstæðum og fleiri hjálpartæki notuð en í Ungverjalandi s.s. Rafmagnshjólástólar og tjáskiptatæki.



Þetta var námskeið sem við höfðum mjög mikið gagn af. Við fengum staðfestingu á því að við vorum á réttri leið í okkar starfi. Auk þess lærðum við margt nýtt sem hefur nýst okkur vel í vetur og á eftir að gera áfram.

STIGALYFTUR GERA STIGANN ÖRUGGARI



Stannah stiga-
lyftur gera
heimilið
þægilegra og
öruggara,
hafðu samband
og við sendum
þér litabækling.

HRINGDU
(91)28210

EIRVÍK 

Janus Guðlaugsson

ÍPRÓTTASKÓLI FYRIR BÖRN „Skynhreyfiskóli“

Hvað er ípróttaskóli barnanna?

Ípróttaskóli barnanna er staður þar sem börnum er gefinn kostur á fjölbreyttu hreyfinámi við hæfi hvers og eins. Reynt er að gera umhverfið eins aðlaðandi og kostur er og skapa jákvæðan og hlýlegan vinnuanda.

Markmið skólans

Aðalmarkmið skólans er að undirbúa börnin undir að standa á eigin fótum í skóla lífsins og skapa hjá þeim áhuga á hreyfingu sem varir ævilangt. Önnur markmið sem skólinn hefur sett sér eru að koma til móts við óskir og þarfir hvers og eins, að barninu líði vel og að það fái verkefni við hæfi.



Hreyfinámið skipar veglegan sess í námi barnsins og reynum við í ípróttaskólanum að tengja hreyfinguna við hina ýmsu þroskaþætti barnsins eins og líkams- og hreyfiþroskann, mál- og vitsmunabroskann, tilfinningabroskann og félags- og siðgæðisþroskann. Reynslan hefur kennt okkur sem að þessari uppbyggingu starfa að það er oft erfitt að ná til eins hæfileika barnsins sérstaklega, heldur þurfi að vinna með einn hæfileika í gegnum annan. Hinir ýmsu hreyfileikir hafa hjálpað mikið til við að ná markmiðunum og í raun væri réttast að nefna skólann skynhreyfiskóla þar sem hreyfileikir eru þungamiðja námsins (sjá mynd um hreyfingu og leiki = Hreyfileiki, úr bókinni "Bewegungsspiele für Kinder" P. Ehrlich, K. Heilmann 1982). Svissneski sálfræðingurinn Heinrich Pestalozzi kemst vel að orði þegar hann segir:

"Frá náttúrunnar hendi er barn ein óaðskiljanleg heild með margslungnum hæfileikum hjartans, andans og líkamans. Náttúran vill að enginn þessara hæfileika verði eftir á þroskaþrautinni. Þroski eins hæfileika er ekki einungis óaðskiljanlega tengdur þroska annars hæfileika, heldur þroskast einn hæfileiki með öðrum og í gegnum annan."

Skynstöðvar - skynbrautir

Þá þætti í hreyfináminu sem við leggjum til grundvallar og vinnum með eru skynbrautirnar (skynstöðvarnar):

- jafnvægis skyn
- snertiskyn
- vöðva- og liðamótaskyn (stöðuskyn)
- sjónskyn
- heyrnarskyn og
- samspil skynfæra (samhæfing)

Auk þess að ganga út frá skynstöðvun líkamans við skipulagningu námsins er leitast við að styrkja gróf- og fínhreyfingar barnsins með tilliti til þroskaþrepa sbr. skýringarmynd um ferli hreyfinámsins, (R. Winter 1977), en það er mikilvægt að átta sig á þeim þroskaþrepum sem börnin eru að fara í gegnum á þessum árum. Íþróttaskólinn hefur verið sniðinn fyrir börn á aldrinum þriggja til sex ára, en börn utan þessara aldursmarka eru að sjálf-sögðu velkomin. Að undanfögnu höfum við reynt að þróa starfsemina inn á þá braut að gera vinnubrögðin enn markvissari og slíkt verður best gert með greiningu á stöðu hvers barns fyrir sig. Á liðnum vetri reyndum við að nýta okkur hreyfiþroskapróf ("Körperkoordinations-test für Kinder, KTK") til að átta okkur á stöðu barnanna. Við fengum stúlku sem var að ljúka námi við Íþróttaháskólann í Köln þar sem sérgrein hennar og lokaverkefni var rannsókn tengd hreyfiþroska og hreyfinámi barna. Prófið gekk vel fyrir sig og komumst við að vissum niðurstöðum sem okkur hafði verið farið að gruna um (sjá síðar, rannsóknir og þróun skólans). Með þannig vinnubrögðum og aukinni samvinnu við t.a.m. iðjuþjálfar og

greiningastöðina næðum við e.t.v. enn lengra í að þjónusta börnin og foreldra þeirra. Sérstaklega á þetta við um þau börn sem þurfa á sérhæfðu námi að halda. Ekki má þó gleyma félagslega þættinum og samspili þroskaþáttanna sem við minntumst á hér á undan. Við leggjum einnig ríka áherslu á að foreldrarnir taki virkan þátt í reynslu barnsins og leikjum og að allir geti tekið þátt í vinnu okkar í sátt og samlyndi. Þessa þætti erum við markvisst að reyna að styrkja auk þess sem við bendum foreldrum á ýmislegt sem þeir geta sjálfir gert heima fyrir.

Samvinna fagfólks

Til þess að markmið skólans náist er nauðsynlegt að hafa fagfólk sem kann til verka. Hér er yfirleitt um íþróttakennara að ræða en einnig hafa fóstrur (leikskólakennarar) verið fúsar til samstarfs. Við höfum sett okkur það sem markmið að hafa einn leiðbeinanda á sex til átta börn. Viðkomandi leiðbeinandi fylgir síðan hópnum eftir í gegnum hvern tíma og yfir ákveðið tímabil. Íþróttakennarar hafa nú á síðustu einum til tveimur árum tekið verulega til hendinni og sýnt ungviðinu mikinn áhuga með stofnun íþróttaskóla og sundskóla. Einnig hafa fóstrur og sjúkrapjálfarar sýnt íþróttaskólanum mikinn áhuga og ekki látið sig vanta á kynningarfundum eða á námskeið þar sem hreyfing barna á í hlut. Iðjuþjálfar er sú fagstétt sem mikið hefur til málanna að leggja í tengslum við hreyfinám barna. Það er því von mín að fá þá til aukinnar samvinnu varðandi uppbyggingu og mótun "skynhreyfiskóla barnanna".

Nokkur orð um hreyfinám og hreyfireynslu barna

Hreyfifærnin (motorik) hefur mikil áhrif á persónuleika einstaklingsins og það er því mikilvægt að fjölbreytt hreyfinám skipi veglegan sess í uppeldi barna. Rannsóknir sýna að fjölbreytt hreyfinám á unga aldri hefur mjög jákvæð áhrif á sálarþroska barna auk þess sem það á mun auðveldara með að laga sig að félagslegu umhverfi sínu. Hreyfifærnin hefur auk þess áhrif á aðrar þroskabrautir og þróun þeirra. Alhliða hreyfinám barna er því undirstaðan, það stuðlar ekki eingöngu að líffræðilegum, sálfræðilegum og félagslegum þroska heldur einnig að heilsteypum persónuleika.

Vinnuaðferðir

Þær vinnuaðferðir sem við höfum notað í íþróttaskólanum eru m.a. leikir af ýmsum toga og gerðum, hreyfingar með og án áhalds, hreyfingar með tónlist, stöðvaþjálfun þar sem börnin leysa hinar ýmsu þrautir eða ferðast um litlar þrautabrautir þar sem áhersla er lögð á hinar ýmsu skynstöðvar líkamans. Aðrir þættir sem við höfum unnið með er m.a. að vinna með tjáningu, sköpun og túlkun, hreyfa sig eftir hljóðfalli, ýmsar uppákomur o.fl. mætti nefna.

Upphaf íþróttaskólans

Sá sem grein þessa skrifar er eins og margir Íslendingar uppteknir í vinnu og félagsmálum. Eitt af því sem þessum hópi Íslendinga er sameiginlegt er að gefa börnum sínum ekki nægilegan tíma. Fyrir fjórum árum voru tvö barna minna á aldrinum þriggja og fimm ára. Ég rak mig þá á þann hlut

eftir lestur góðrar bókar, að nauðsynlegt væri fyrir foreldra að gefa börnunum ákveðinn tíma í hverri viku. Sjálf stungu börnin upp á að fara í íþróttahúsið og "leika sér frjálst". Þá mundi ég eftir mínum eigin draumi sem barn, en hann var sá að vera heilan dag í íþróttahúsinu með öll tæki og tól á gólfinu þar sem enginn kennari væri viðstaddur. Ég var því ákveðinn að láta þennan draum minn og barnanna rætast. Við urðum okkur því úti um tíma í íþróttahúsinu snemma á laugardagsmorgni og þannig hófst leikurinn.

Ef við göngum út frá orðum spámannsins um að við eigum ekki börnin, heldur séu þau að láni hjá okkur og það er okkar að annast þau og koma þeim til manns og þroska, var ákveðið að bjóða fleirum að vera með. Hópurinn var fljótur að stækka og vinnan í kringum hinn frjálsa tíma óx. Að vísu tóku foreldrarnir mjög virkan átt í þessu frá upphafi og gera enn, þannig að þetta var mjög skemmtilegur byrjunartími. Nú eru börn mín að verða sjö og níu ára en vilja enn vera með í hinum frjálsa leik. En skólinn hefur haldið áfram að þróast á þann veg sem ég hef lýst hér að framan. Hann hefur eflst, fagþekking þeirra sem við hann hafa starfað hefur aukist og þjónusta við foreldra og börn styrkst.

Rannsóknir og þróun skólans

Við rannsókn á hreyfiþroska barnanna í skólanum á Álftanesi hefur komið í ljós að skólann sækja nú í auknum mæli börn sem þurfa á sérstakri þjónustu að halda í tengslum við hreyfing-

ar sínar og félagslega aðlögun. Nokkur dæmi eru um það að læknar eða fóstrur hafi vísað foreldrum á skólann eða þá að hlutir sem þessir spyrjast út meðal foreldra. Það er því spurning sem ég hef verið að velta fyrir mér hvort koma ætti á nánara samstarfi milli greiningarstöðvar, iðjuþjálfar og jafnvel leikskóla innan ákveðinna svæða þar sem bjóða mætti börnum upp á slíka þjónustu sem við höfum verið að veita.


Markmiðin sem voru nefnd í upphafi greinarinnar geta áfram staðið, en ef fram heldur sem horfir og foreldrar með börn sem t.d. hafa skerta hreyfingu sækja meir inn í skólann þarf að breyta ákveðnum þáttum í starfsemi hans. Sérstaklega hvað varðar fagþekkingu kennara, fjölda þeirra og aðbúnað. Ég hef trú á að ganga þurfi út frá öðrum forsendum en þegar haldið var af stað í upphafi og spurningum eins og *hvað er það sem við erum að sækjast eftir? og hvers vegna?* verður að vera hægt að svara.

Það er fagnaðarefni að bæði íþrótta-kennarar og fóstrur hafa gefið hreyfingu


ingum barnanna meiri gaum en áður og fagvitund þessara stétta á greinilega eftir að stykjast til muna áður en langt um líður. Vinna sem þessi verður að bera öll merki fagmennsku og faglegra vinnubragða.

Það er því nauðsynlegt að hefja kannanir á líkamsfari íslenskra leikskóla- og grunnskólabarna sem m.a. taka til hreyfiproska þeirra og afkastagetu. Þannig má bera niðurstöður okkar við sams konar kannanir sem gerðar hafa verið erlendis. Þetta yrði og til að taka af allan vafa um það hvort hreyfifærni barna og líkamsburður sé verri nú en áður auk þess sem fylgjast mætti með honum á næstu árum. Börnin eiga ekki skilið að fá svör eins og *ég held að þau séu eða ég tel að hreyfifærni þeirra sé* o.s.frv. Í nútíma þjóðfélagi eru hinar ýmsu fisktegundir og fiskistofnar rannsakaðir ofan í kjölinn og maðurinn veit nákvæmlega hvað steðjar að og hvernig megi bregðast við þegar vissar tegundir og ákveðnir sjúkdómar eiga í hlut. Á ekki barnið slíkt hið sama skilið?





Hreyfing og leikur = hreyfileikir sem grunnþættir í þroska barnsins



Frá náttúrunnar hendi er barn ein óaðskiljanleg heild með margslungnum hæfileikum hjartans, andans og líkamans. Náttúran vill að enginn þessara hæfileika verði eftir á þroskabrautinni. Þroski eins hæfileika er ekki einungis óaðskiljanlega tengdur þroska annars hæfileika, heldur þroskast einn hæfileiki með öðrum og í gegnum annan.

Heinrich Pestalozzi

Íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 3ja - 6 ára



Markmið skólans:

Gefa börnum kost á fjölbreyttu hreyfinámi þar sem þau fá
svalað hreyfipörf sinni í jákvæðu og hlýlegu umhverfi

MEÐ ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ UNDIRBÚA ÞAU
UNDIR AÐ STANDA Á EIGIN FÓTUM Í SKÓLA
LÍFSINS

Önnur markmið eru:

Að skapa áhuga sem varir

Að koma til móts við óskir og þarfir barnsins

Að barninu líði vel og fái verkefni við hæfi

Að barnið fái hvatningu

Markmið námsins:

Að efla hreyfinám og hreyfifærni (motorik) barnsins sem stuðlar að auknum;

- hreyfiproska
- líkamsþroska
- mál- og vitsmunapróska
- félagsþroska

Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar og unnið er með eru:

Skynstöðvar líkamans;


- jafnvægissskyn
- snertiskyn
- vöðva- og liðamótaskyn
- sjónskyn
- heyrnarskyn
- samspil skynfæra

Þar sem leitast er við að styrkja;

- gróf- og fínhreyfingar barnsins

með tilliti til þroskaþrepa

Þroskaþrepin



Börn þurfa hreyfingu

Hreyfingin er barninu nauðsynleg svo það nái að dafna og þroskast.

Hreyfiþroski barna

Mikilvægi hreyfináms og hreyfireynslu barna á unga aldri


Umhverfi barnsins - hreyfiumhverfi

Umhverfi barns í heimahúsi og skóla


Vinnuaðferðir sem notaðar eru:

- Leikir (af ýmsum toga)
- Hreyfingar með og án tónlistar
- Stöðvaþjálfun (verkstæði)
- Áhaldabrautir
- Aðrir þættir (ýmsar upptökur, tjáning, sköpun, túlkun...)

Leiðin á Vatnajökul



Byggingarvinna



CONDIGI SJÚKRAKALLKERFI.

Síðan í september 1985 hefur Tæknival hf. haft til sölu ConDigi sjúkrakallkerfin frá Eifa A/S í Danmörku og eru þau nú í notkun á mörgum sjúkra- og öldrunarstofnunum um allt land við góðan orstír. ConDigi sjúkrakallkerfin eru fánleg í mörgum útgáfum. CD 1000 er bjöllukerfi eins og algengt er á sjúkrahúsum. CD 1000 er mest notað á deildaskiptum sjúkrastofnunum. CD 1000 sjúkrakallkerfi er t.d. í notkun á sjúkrahúsinu á Seyðisfirði, sjúkrahúsinu á Húsavík og dvalarheimilinu Hjallatúni Vík Mýrdal.

CD 3000N er mjög fullkomið sjúkrakallkerfi með tviátta tali og er mest notað á sjúkra og öldrunarstofnunum þar sem fjöldi starfsfólks er í lágmarki.

CD 3000N SJÚKRAKALLKERFI ERU Í NOTKUN Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:

Hrafnista	Hafnarfirði
Hrafnista	Reykjavík
Seljahlíð	Reykjavík
Bólstaðarhlíð 41 - 43	Reykjavík
Hlíf	Ísafirði
Dalbær	Dalvík
Dvalarheimili aldraða	Vík Mýrdal
Dvalarheimili aldraða	Grindavík
Dvalarheimilið Hvammur	Húsavík
Sjúkrahúsið á Húsavík	Húsavík
og fl.	

Tæknival h.f. býður einnig upp á svo kallaða "neyðahnappa" frá ConDigi, en þetta kerfi er kallað CD 9000.

Við ConDigi kerfin er hægt að fá ýmsan hjálparbúnað t.d.:






- Rápmottu
- Vætumottu
- Reykskynjara og fl.

Tæknival h.f. leggur mikla áherslu á góða og skjóta þjónustu og sækja starfsmenn iðnstýrideildar reglulega námskeið í höfuðstöðvar Eifa A/S, í Árhus í Danmörku.



Tæknival

Tæknival hf. - Skeifan 17
108 Reykjavík
Sími: 91 - 681665
Fax: 91 - 680664



Póra Leosdóttir iðjupjálfi

FRÁ FRÆÐSLUNEFND

Annað þeirra tveggja námskeiða, sem ÍÍ stóð fyrir í samvinnu við Endurmenntunarstofnun og haldin voru af erlendum iðjupjálfum, var "Gæðatrygging innan iðjupjálfunar". Þetta var þriggja daga námskeið haldið í Tæknigarði í veðravilltum janúarmánuði sl. Leiðbeinandi námskeiðsins var danskur iðjupjálfi að nafni Hans Jörgen Bendixen. Hann starfar sem faglegur leiðbeinandi hjá danska iðjupjálfafélaginu og er, ásamt Tinu Voltelen formanni félagsins, sá sem hefur stuðlað hvað mest að útbreiðslu gæðapróunar meðal kollega okkar í Danmörku og Svíþjóð.

Þátttakendur voru sautján talsins og ég held að fullyrða megji að almenn ánægja hafi verið með námskeiðið. Að vísu hefði fjöldi þátttakenda mátt vera aðeins meiri, til að þetta stæði undir sér fjárhagslega.

Hér verður aðeins stiklað á stóru í efnislegri umfjöllun, en bent skal á að lesefni frá námskeiðinu er til á bókasafni ÍÍ.

HVAÐ ER GÆÐAPRÓUN?

Hans Jörgen hóf námskeiðið á að skilgreina orð og hugtök. Hann benti á skilgreiningar í ýmsum þeirra greina er fylgdu námskeiðsgögnum. Það má segja að markviss umræða og mótun

gæðapróunar hafi verið við lýði í danska félaginu allt frá árinu 1988. Hans Jörgen undirstrikaði að danskir iðjupjálfar hefðu kosið að nota orðið gæðapróun í stað gæðatryggingar eins í upphafi. Gæðapróun fæli í sér þróun mála og þar af leiðandi tryggingu gæða og endurskoðun á þeim.

Gæðapróun er því:

A. Að koma á fót reglum og stöðlum við endurskoðun á heilbrigðisþjónustu.

B. Ferli sem fela þarf í sér eftirfarandi þætti:

- Skilgreining á vandamáli
- Fastsetja viðmiðanir og staðla
- Upplýsingasöfnun
- Gæðamat
- Orsakagreining
- Gæðaumbætur
- Endurskoðun

C. Ferli sem inniheldur mælingar, mat og aukningu á gæðum eins og þörf er á.

UPPSPRETTAN Í IÐJUPJÁLFUN

Mótun og vinna með gæðapróun krefst þess að við skilgreinum iðjupjálfun - hin sígilda spurning: "Hvað er iðjupjálfun"?

Útgangspunktur iðjupjálfunar er:
Sjúkdómur/sjúkdómshætta:

- orsök
- einkenni
- athafnavandamál
- íhlutun iðjupjálfa

Í þessu sambandi tölum við um "patientens nærmeste udviklingszone", eða NUZO. Þetta er skilgreint sem: "Það bil sem er á milli núverandi getu einstaklingsins til að framkvæma e-ð, og þess sviðs sem felur í sér mögulega þróun hjá honum, undir leiðsögn eða í samvinnu við aðra". (Tilraunapýðing undirritaðrar).

"Lærdómur og þróun getur því aðeins átt sér stað í NUZO"

Iðjupjálfun snýst því um að finna NUZO sjúklingsins/skjólstæðingsins! Það sem á eftir að mikla þýðingu fyrir okkar fræðigrein er "klínisk resonering" (samræming) og sú "þögla" vitnaskja sem fagið býr yfir.

Einnig verðum við að hafa í huga það sem liggur til grundvallar og er undirstaða iðjupjálfunar:

- Einstaklingurinn þroskast og lærir við vinnu (iðju) og athafnir.
- Færni eykst og þróast við vinnu og leik.
- Almennum félagslegum, andlegum og líkamlegum þörfum er fullnægt við vinnu, framleiðni og skapandi athafnir.

SKILGREINING STARFSSVIÐS

Ákveðið vandamál, á vinnustað eða í vinnu getur verið útgangspunktur fyrir gæðapróun. Þá er mikilvægt að spyrja sig: Í hverju felst starf mitt?

Í þessu sambandi er hugað að starfslýsingu (stillingsbeskrivelse), vinnu-

lýsingu (funktionsbeskrivelse) og verk-
lýsingu (jobbeskrivelse).

Starfslýsing:

Yfirskipuð (overordnet) lýsing á stöðugildi, t.d.:

- almennir launa- og ráðningarskilmálar
- ráðningarstaður
- ábyrgð og ákvarðanavald
- skyldur varðandi samvinnu o.þ.h.

Vinnulýsing.

Almenn lýsing á innihaldi vinnunnar t.d.:

- fagleg sérhæfing
- raunveruleg tegund starfs, hér er átt við staðsetningu m.t.t. ábyrgðar á starfshlutfalli og ákvarðanavaldi t.d. ábyrgð gagnvart stjórn.

Verklýsing:

Lýsing á vinnuframlagi iðjupjálfans, hvaða hlutar af vinnulýsingunni eru uppfylltir, þ.e.a.s. að hvaða marki og hvernig.

HVERS VEGNA GÆÐAÞRÓUN?

Hvers vegna er nauðsynlegt að stuðla að gæðapróun í iðjupjálfun og heilbrigðiskerfinu almennt? Lítum á tvær tegundir svars við þessu:

Svar í vörn:

- heilbrigði okkar er í hættu
- félags- og heilbrigðiskerfið er í hættu
- fag okkar er í hættu

Svar í sókn:

- fagleg þróun
- kerfisbundin reynslusöfnun
- handleiðsla samstarfsfélaga

Lítum á brýnustu vandamál

iðjubjálfunar í dag:

- skortur á möguleikum til samannburðar
- skortur á skriflegum gögnum
- töluverð þögul vitneskja
- skortur á vísindalegum kerfum og kerfisbundnum framgangi (procedure)
- skortur á skilningi á starfsgreininni, hún er ósýnileg
- mismunandi þjónusta
- skortur á skráningu eftir samræmdum stöðlum
- skortur á stöðlum fyrir iðjubjálfun
- ósamstaða um hversu víðtæk iðjubjálfun er
- erfiðleikar við að halda fast í stöður og fjölga stöðgildum fyrir iðjubjálfa.

Dagleg vandamál iðjubjálfa:

- Skortur á yfirsýn
- forgangsröðun verkefna
- faglegt óöryggi
- skortur á markvissri lausn vandamála (fagleg endurskoðun)
- vöntun á menntuðum stjórnendum
- erfitt að halda fast í fagleg sér-einkenni í þverfaglegu samhengi.

SKRÁNING

Mikil áhersla er lögð á skráningu þeirrar þjónustu sem iðjubjálfar veita. Skráning er talin vera afgerandi fyrir gæðapróun framtíðarinnar. Að iðjubjálfar skilgreini og skrái þá þjónustu sem þeir veita á samræmdan hátt.

Í Danmörku hefur verið reynt að skipta þjónustunni niður í flokka:

1. Upplýsingasöfnun
2. Meðferð á einstökum sviðum
 - líkamleg þjálfun

- geðræn þjálfun

- vitræn þjálfun

3. ADL þjálfun

4. Hjálpartæki og húsnæðisbreytingar

5. Leiðsögn varðandi lífsaðstæður

6. Viðhaldsþjálfun

7. Óbein þjálfun/þjónusta

8. Afboðanir/mætir ekki

GÆÐAPRÓUN Í FRAMKVÆMD

Hans Jörgen fjallaði einnig um mismunandi módel fyrir gæðapróun og leiðarvísa (referenceprogrammer) og mun ég ekki fara út í að skrifa um það hér því það yrði of langt mál. Vil ég í þessu sambandi benda á þau gögn sem liggja fyrir. Þessi hluti námskeiðsins fór að mestu fram í hópvinnu, með misjöfnum árangri þó, en í hópunum unnum við með ákveðin vandamál sem til staðar eru í okkar starfi og tengdum þau þeim hugtökum og módelum sem kynnt voru fyrir okkur.

Hann undirstrikaði mikilvægi þess að unnið sé með gæðapróun í hópi á vinnustaðnum, að það sé sjálfsögð krafa að sú vinna fari fram í vinnutíma. Áriðandi er að hópurnir setji tímamörk og að ferlið sé skráð. Einnig er mikilvægt að taka einangrað vandamál/hlut fyrir og byrja smátt. Til að skilgreina fagleg vandamál er vinnulýsing (praksisbeskrivelse) (góð aðferð en áriðandi er að ramminn fyrir hana sé samræmdur þ.e. uppskriftin). Það kemur í veg fyrir að gæðapróunin verði bundin við ákveðna vinnustaði og "virki" því bara fyrir þann stað. Einnig er undirstrikað að iðjubjálfar taki þátt í gæðapróun í þverfaglegum hópum, t.d. á einstakri

meðferðarstofnun eða í samvinnu heilbrigðisstétta á fagfélagslegum grundvelli.

Vinna með gæðapróun gæti farið fram í svokölluðum gæðahring.

Gæðahringur:

- vel afmörkuð og skilgreind verkefni/vandamál
- litlir, gjarnan þverfaglegir hópar, sjálfboðaliðar
- valinn hringstjórnandi
- ákveðin tímamörk
- reglulegir fundir í vinnutíma
- mætingarskylda

Sá sem innir starfið af hendi er sérfræðingurinn!!

GÆÐI Í IÐJUPJÁLFUN

Til að reka endahnútinn á umfjöllun

mína á námskeiðinu vil ég nefna þau gæði sem einkenna iðjupjálfun sem fræðigreini:

- Iðjupjálfun tekur mið af umhverfi og daglegu lífi skjólstæðingsins.
- Skjólstæðingurinn er virkur í að bæta eigin aðstæður.
- Skjólstæðingurinn þróar með sér uppbyggilegt daglegt líf, með eða án atvinnu, við fjölbreytilegar athafnir.
- Iðjupjálfar stuðla að bættum aðstæðum og skilyrðum í atvinnu-umhverfi skjólstæðingsins, svo og í nærumhverfi hans, með því markmiði að hann verði virkari í daglegu lífi.
- Iðjupjálfar miðla upplýsingum og tengslum varðandi ýmsa þjónustu og tilboð heilbrigðiskerfisins til athafna og þjálfunar.

IÐJUPJÁLFA

vantar til afleysingastarfa í 1 ár

frá og með október 1993 í

Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins

Iðjupjálfar, þetta er tilvalið tækifæri til að kynnast almennatryggingakerfinu.

Starfið felur aðallega í sér ráðgjöf varðandi hjálpartæki, meta þörf fyrir hjálpartæki (oft við heimilisathugun) og úthluta þeim eftir reglum Tryggingastofnunar.

Við erum 7 starfsmenn starfandi við hjálpartækjamiðstöðina í góðu og rúmu húsnæði.

Nánari upplýsingar veitir:


Björk Pálsdóttir iðjupjálfi

í síma 91-74250

Guðrún Pálmadóttir iðjuþjálfari

MOHO LÍKANIÐ UM IÐJU MANNSINS

Dagana 12.-13. mars var haldið námskeið fyrir iðjuþjálfara í samvinnu ÍÍ og Endurmenntunarstofnunar HÍ. Fjallað var um "Model of Human Occupation" eða "Líkanið um iðju mannsins". Fyrirlesari á námskeiðinu var Dr. Gary Kielhofner, en hann er einmitt höfundur þessa líkans.



Dr. Kielhofner er prófessor og námsbrautarstjóri við Department of Occupational Therapy, College of Associated Health Professions við University of Illinois í Chicago. B.Sc. gráða hans var í sálarfræði, mastersgráðan í iðjuþjálfun og doktorsgráðan í "Public Health" Dr. Kielhofner hefur fyrst og

fremst helgað sig kenningasmíð innan iðjuþjálfunar og hefur hann skrifað 7 bækur og yfir 50 greinar í ýmis fag-tímarit.

Upphafið að þróun "Model of Human Occupation" (MOHO) hófst 1975 með mastersritgerð Kielhofners; The Evolution of knowledge in occupational therapy: Understanding adaptation of the chronically disabled. Árið 1980 var líkanið sjálft orðið að veruleika, en þá birti Kielhofner ásamt samstarfsmönnum sínum greinaröð (4 greinar) í American Journal of Occupational Therapy um líkanið og notkun þess innan iðjuþjálfunar. Þróun líkansins hélt svo áfram og 1985 gaf Kielhofner út bók um það undir titlinum "A Model of Human Occupation".

Fræði Kielhofners hafa náð gífurlegri útbreiðslu innan iðjuþjálfunar. Hann hefur ferðast víða um heim og haldið námskeið fyrir iðjuþjálfara og bækur hans hafa verið þýddar á fleiri tungumál, m.a. þýsku og japönsku. Sem dæmi um vinsældir hans má geta þess að það er búið að vera að vinna að því í 5 ár að fá hann til að koma til Íslands. Innan líkansins hafa verið þróuð fjöldamörg meðferðar-"prógröm", spurningalistar, stöðluð próf og stöðluð viðtöl innan ýmissa

sérsviða iðjuþjálfunar. Þessi þróun á sér aðallega stað í Bandaríkjunum og við iðjuþjálfanámsbrautina í háskólanum í Chicago er nú rekin sérstök stofnun, "Clearinghouse", sem fæst eingöngu við að þróa aðferðir innan líkansins og að halda utan um allar rannsóknir og skrif því tengd. Vísir að samskonar stofnunum er einnig í Svíþjóð, Bretlandi og Japan.

Líkanið um iðju mannsins byggir á kerfiskenningunni (General Systems Theory), en þar er litið á manninn sem opið kerfi í stöðugum samskiptum við umhverfi sitt. Aðal hugtök kerfiskenningarinnar eru inntak (input), úrvinnsla (throughput), útkoma (output) og svörun (feed-back), en þessi fyrirbæri mynda stöðuga hringrás. Fyrir manninn sem opið kerfi er inntakið í formi orku og upplýsinga frá umhverfinu (t.d. að borða, að lesa). Úrvinnslan á sér stað í kerfinu sjálfu þar sem kerfið umbreytir orku og upplýsingum til að viðhalda sjálfu sér og til að breyta/aðlaga sjálft sig (t.d. melting, hugsun um það sem lesið var). Útkoman er atferli mannsins þar sem hann hefur áhrif á umhverfi sitt (t.d. að nota orku frá fæðunni til að vera virkur, að tala af þekkingu um það sem lesið var). Svörunin er upplýsingar sem koma til baka til kerfisins um afleiðingarnar af atferli þess (t.d. "ég borðaði of mikið áður en ég fór á fótboltaæfingu, næst ætla ég að borða minna" eða "það var góð tilfinning að hafa þekkingu á efni því sem rætt var um, kannski ég undirbúi mig á svipaðan hátt eftirleiðis").

Heildarkerfið, maðurinn, á sér þrjú undirkerfi (subsystems), sem er raðað

á stigskipta vísu (hierarchially arranged). Stigskipt kerfi eru hvert öðru háð þannig að efsta kerfið stýrir þeim neðri sem á hinn bóginn takmarka gerðir þeirra efri. Undirkerfin þrjú eru viljakerfið (volition subsystem), vanakerfið (habituation subsystem) og framkvæmdakerfið (performance subsystem). Viljakerfið er fulltrúi fyrir hina innri þörf mannsins til að kanna og hafa vald yfir umhverfi sínu. Það er æðst undirkerfanna og stýrir þar með aðgerðum hinna tveggja. Viljakerfið er áhugahvöt (motivation) mannsins sem er orðin til úrgildismati hans (values), áhuga (interests) og trúnni á eigið áhrifavald (personal causation). Vanakerfið er næstæðst undirkerfanna þriggja og lýsir hegðunarmynstri einstaklingsins. Hugtökin hlutverk (roles) og venjur (habits) tilheyra þessu undirkerfi. Hvert það hlutverk (kennari, faðir, fiðluleikari) sem einstaklingurinn er í gerir kröfur til hans um ákveðið hegðunarmynstur. Venjur eru meira og minna sjálfkrafa "rútinur" sem auðvelda daglegar athafnir og gefa þeim stöðugleika. Framkvæmdakerfið er lægst undirkerfanna og er fulltrúi fyrir huga og líkama mannsins. Frá þessu undirkerfi kemur færni mannsins þ.e. hreyfifærni (motor skills), úrvinnslu- og skipulagsfærni (process skills) og samskiptafærni (communication-interaction skills). Útkoman frá kerfinu er atferli mannsins eins og það birtist í daglegri iðju hans (occupation). Iðja mannsins er eigin umsjá (ADL), störf (work) og tómstundaiðja/leikir (leisure activities). Þessari iðju er hrint af stað af vilja kerfinu, vanakerfið sér um að koma henni í skipulagt form og setja henni

einhverjar skorður og framkvæmdakerfið sér um að framkvæma hana.

Á námskeiðinu var lauslega farið yfir heildarhugtök líkansins og staðsetningu þess, bæði í sögulegu samhengi og miðað við önnur líkön og kenningar í faginu. Megináhersla námskeiðsins var á notkun líkansins í starfi iðjupjálfa. Farið var yfir nokkur sjúklingsstílfelli með aðstoð myndbands þar sem sýndar voru aðferðir til að meta einstaklinginn og til að skipuleggja meðferð hans. Með aðstoð myndbandsins var einnig farið í hvernig þróuð hafa verið iðjupjálfunar- "prógröm" innan ákveðinna sérsviða, t.d. í starfspjálfun, þar sem kenningum líkansins er fylgt. Kynnt voru ýmis próf, spurningalistar og viðtalsform (interviews) sem gerð hafa verið til að skoða undirkerfin þrjú og eru sum þessara verkfæra meðal best stöðluðu matsaðferða sem iðjupjálfar hafa úr að velja í dag. Leiðarvísar fyrir þrjú mót voru skildir eftir í vörslu félagsins, en það eru "Volitional Questionnaire", "Self Assessment of Occupational Functioning (SAOF)", og "The Worker Role Interview". Þessir leiðarvísar verða varðveittir á bókasafni félagsins. Félagið hefur einnig nú þegar haft forgöngu um að panta frá "Clearinghouse" fleiri mót og lýsingar á meðferðar "prógrömmum" fyrir einstaka sjúklingshópa sem þá bætist við á bókasafnið.

Námskeiðið sóttu u.þ.b. 50 iðjupjálfar og er það hæsta hlutfall af iðjupjálfum á landsvísi sem Kielhofner hefur hingað til haldið námskeið fyrir. Þetta ætti að gera okkur iðjupjálfum hér á



Íslandi auðveldara fyrir hvað varðar að halda áfram að kynnast og notfæra okkur aðferðir þessa líkans. Clearinghouse í Bandaríkjunum er starfrækt á alþjóðavísi og þangað getur hvaða iðjupjálfi sem er skrifað og fengið upplýsingar og afrit af greinum og verkfærum sem tengjast líkaninu. Fyrir þessa þjónustu þarf aðeins að greiða sem samsvarar ljósritunar- og sendingarkostnaði.

Þar sem að mati undirritaðrar greinir mest á milli þessa líkans og annarra kenninga innan iðjupjálfunar er áherslan á vilja og venjur einstaklingsins fram yfir áhersluna á færni hans. Sem dæmi má nefna að í bandarískri rannsókn á hversu líklegt fólk væri til að snúa aftur til vinnu að endurhæfingu lokinni kom í ljós að þar höfðu vilja- og vanakerfið miklu meira forspárgildi en framkvæmdakerfið. Í öllum þeim umræðum sem nú eiga sér stað um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu þá er þetta svo sannarlega umhugsunar vert. Við sem iðjupjálfar þurfum ef til vill að íhuga hvort við getum ekki breytt áherslum okkar og starfsaðferðum til að mæta betur vilja og þörfum skjólstæðinga okkar. Annars nýtast kraftar okkar ekki sem skyldi.

SVEINKÓ HEILSUDÝNA

Einstaklega góð dýna fyrir alla þá er þjást af verkjum í baki, gigt eða hvílast illa. Efni dýnunnar er fibrintrefjar og má þvo hana á 80°C.

Dýnan er viðurkennd sem vörn gegn legusárum af Tryggingastofnun ríkisins og kostar 12.850 kr. án virðisauka.

Einnig púðar í hjólastóla og hælahlífar úr sama efni.

Vest Kot

Brekkuseli 12, R

Sími 72892 föstudaga 9-13

Finnur Bárðarson iðjuþjálfari


HANDÞJÁLFUN

HVAÐ ER HANDÞJÁLFUN

Í stuttu máli fjallar handþjálfun um hreyfanleikann milli vöðva, sina, húðar og beina. Markmið þjálfunar er að viðhalda eðlilegri hreyfigetu milli þessara hluta. Skert hreyfigeta eftir handskaða orsakast sjaldan af breytingum í liðnum sjálfum, heldur er um að ræða vöxt á bindvef inn í áður-nefnda hluti sem hindrar eðlilega

hreyfingu. Það er þýðingarmikið að hafa í huga jafnvægið milli of mikillar þjálfunar og of lítillar þjálfunar. Við of mikla þjálfun örvar maður bindvefsframleiðsluna og kollagena þræðir stytast. Við of litla þjálfun teygjum við of lítið á bindvefsþráðum þannig að þeir ná ekki þeirri lengd sem er nauðsynleg fyrir eðlilega hreyfingu liðarins (sjá mynd 1).

Mynd 1



Markmið

Það er eðlilegt að markmið þjálfunar sé að gera sjúklingi kleyft að nota höndina í athögnum daglegs lífs. Þegar sjúklingur er orðinn sáttur við virkni handarinnar og útlit má segja að settu marki sé náð.

Handþjálfari

Það er spurning hvort ekki sé eðlilegt

að nota heitið handþjálfari. Margir sérfræðingar í skurðlækningum hafa kosið það heiti í stað sjúkra- og iðjuþjálfara. Það er nefnilega á engan hátt sjálfgefið að það sé iðjuþjálfari sem sinni þessu starfi.

Hlutverk handþjálfarans er fyrst og fremst leiðbeinandi eðlis, það er að kenna sjúklingnum ákveðnar æfingar,

uppörva, fylgjast með framförum og breytingum til hins betra eða verra. Fyrir utan góða þekkingu á sjúkdómum og anatomi handarinnar er nauðsynlegt að handþjálfari hafi góða þekkingu á spelkumeðferð og smíði spelkna. Spelkur eru eitt af mikilvægustu hjálpartækjunum við meðferð handskaða.

Það er nauðsynlegt að þjálfarinn sé í góðu sambandi við lækinn sem veitir upplýsingar um ástand sjúklingsins, hvort eða hvenær eigi að hefja þjálfun og síðast en ekki síst hversu mikið álag höndin þolir.

Áður en meðferð hefst eru gerðar nauðsynlegar mælingar á ástandi handarinnar. Nauðsynlegt er að framkvæma þetta mat með reglulegu milli-bili til að fylgjast með framförum og öðrum breytingum. Þegar þjálfarinn grunar að ekki standi allt rétt til þarf að hafa samband við

viðkomandi lækni áður en meðferð er haldið áfram. Í handmati er alltaf lögð áhersla á aktífa hreyfigetu en passíf hreyfigeta getur eigi að síður veitt mikilvægar upplýsingar. Fyrir utan hreyfigetu þarf að skoða eymsli, bjúgmyndun, hugsanlegar breytingar á skynhrifum, örmyndanir og að sjálf-sögðu þá þætti í ADL sem skaðinn hefur áhrif á. Mælingar á handstyrk eru minna mikilvægar þar sem sjaldan er hægt að meta raunverulegan vöðvastyrk vegna ástands handarinnar. Sjúklingur má oft ekki, eða getur ekki framkallað fullan vöðvastyrk. Ég legg því alltaf fremur litla áherslu á æfingar til að auka styrk. Hann kemur oftast að sjálfu sé þegar viðkomandi fer að taka fullan þátt í athöfnum daglega lífsins.

Meðferð

Það er erfitt að staðla meðferð á handasjúklingum en þó eru nokkur grundvallaratriði sem hafa ber í huga:

Reyna eftir megni að nota *virkar* æfingar og
forðast passífar æfingar
(frá þessu eru undantekningar)

Gera æfingar með höndina í hástöðu
til að mótverka bjúgmyndun

Þjálfar ekki sársauka

Forðast hitameðferð

Hvetja sjúklinginn til að nota höndina
við allar eðlilegar aðstæður


Benda sjúklingi á að heimavinnan sé ein af
mikilvægustu þáttum þjálfunarinnar

Í upphafi þjálfunar er nauðsynlegt að sjúklingurinn hitti þjálfara sinn oft, jafnvel á hverjum degi. Það fer eftir eðli skaðans. Þá er sjúklingur óöruggur og höndin er aum og gæta þarf varkárni. Sömuleiðis þarf hann uppörvun og hvatningu að nota höndina. Það þarf að brýna fyrir sjúklingi að framför sé að mestu leyti undir honum sjálfum komin og forsenda fyrir bata er samviskusamleg þjálfun. Mikilvægasta þjálfunin er sú sem


sjúklingurinn gerir heima hjá sér. Það þarf því að ganga úr skugga um að sjúklingur hafi skilið allar leiðbeiningar vel. Heimaæfingarnar er best að gera í stuttum lotum oft á dag. Heimaæfingarnar þurfa ekki að taka meira en 5 mínútur í senn. Handþjálfarinn fylgist síðan með framförum, með jöfnu millibili.

Hægt er að benda á þrjár grundvallaræfingar sem eru undirstaða þjálfunar:

**Þjálfun
lið fyrir lið**
(sjá mynd 2)



Kreppuæfingar (með höndina í hástöðu, til að forðast bjúgmyndun
Sinatogsæfingar (sjá mynd 3)



Þjálfun er þó alltaf sniðin að sérþörfum hvers sjúklings fyrir sig. Öll þjálfun á að vera einstaklingsbundin og sá

sem þetta ritar er alfarið á móti hóþþjálfun þegar um handskaða er að ræða.

SPELKUR

Eins og áður er getið eru spelkur mikilvæg hjálpartæki við meðferð handskaða. Þær hafa það meginhlutverk að auka hreyfigetu í lið eða hindra óæskilegar hreyfingar í lið. Spelkum er skipt upp í aktífar og passífar spelkur:

Passífar spelkur:

- Hindra kreppur.
- Teygja á kreppum eða viðhalda því sem upp er náð með æfingum.
- Kyrrsetja einn eða fleiri liði í þeim tilgangi að auka hreyfigetu í öðrum.
- Kyrrsetja lið eða minnka hreyfingu í lið vegna sýkingar eða eymsla.
- Setja lið í réttar skorður.

Aktífar spelkur:

- Gera deformerandi krafta óvirka.
- Gera vöðvum kleift að viðhalda krafti og auka styrk veikra vöðva.
- Leiðrétta deformitet vegna vöðvalömunar á meðan eðlilegum vöðvum er gert kleift að viðhalda virkni.
- Hagræða liðum í því skyni að viðhalda eðlilegri virkni handarinnar.

Þegar spelkumeðferð kemur til greina ber að hafa eftirfarandi í huga:

- Forðast tilbúnaðar spelkur.
- Spelkan skal leyfa eins og kostur er að nota höndina við eðlilegar aðstæður.
- Spelkan á ekki að valda sársauka.
- Hafa auga með þrýstipunktum.
- Hafa auga með bjúgmyndun. Þetta gerist helst ef spelkan nær fram fyrir líflínuna í lófa.
- Spelkan er hluti af meðferð.
- Gefa sjúklingnum greinagóðar upplýsingar varðandi notkun.
- Bíómekanik.

Á markaðnum eru til margvísleg plastefni til að búa til spelkur. Hér verða nefndar þrjár tegundir sem reynst hafa vel.

- **Ortóplast**

- **Orfit**

- **Plastazote**

Ortóplast er þaulreynt efni og hefur verið erfitt að finna efni sem gæti komið alfarið í þess stað. Það er hentugt við gerð hvíldarspelkna og í allar stærri spelkur. Efnið er því miður mjög dýrt.

Orfit er til í fleiri þykktum og það aðlagar sig vel að öllum strúktúrum. Það er sérstaklega hentugt til að gera litlar spelkur, fyrir börn eða á einstaka finger.

Bæði ortóplast og orfit eru mýkt í heitu vatni.

Plastazote þarf að hita í ofni við hita í kringum 130 gráður.

Plastazote er gott að nota í léttar hvíldarspelkur sem síðan eru styrktar með plasti.

HELSTU VANDAMÁL Í SAMBANDI VIÐ HANDSKAÐA

Bjúgur myndast við immobiliseringu. Bjúgur hefur mikil áhrif á hreyfigetu þar sem hún hindrar eðlilega hreyfingu milli vöðva, sina og beina. Ef bjúgur er látinn afskiptalaus getur það leitt til viðvarandi kreppuástands í einstökum liðum.

Blóðflæðið til handarinnar skeður volarmegin og blóðflæðið frá hendinni skeður dorsalmegin. Þetta blóðflæði til baka þarfnast aktífrar hreyfingar í hönd, olnboga og öxl.

Eftirtaldir aðgerðir geta hamlað gegn bjúgmyndun:

Hástaða:

Það vill segja að distali hluti handarinnar er hærri en proximal hlutinn og proximal hlutinn er hærri en hjartað.

Kreppuæfingar:

Að veifa fingrum gerir ekkert gagn. Áhrifaríkasta aðferðin er að lyfta báðum handleggjum hátt upp yfir höfuð og kreppa fingur kröftuglega um það bil 20 sinnum í röð helst einu sinni á klukkutíma fresti.

Aðrar aðferðir sem hafa áhrif á bjúgmyndun eru:

1. Nudd distalt til proximalt.
2. Taktfastur þrýstingur t.d. blóðþrýstingsmanchettur.
3. Vafningur með snæri:
 - Fingurnir og höndin vafin með snæri distalt til proximalt;
 - Höndin sett í hástöðu í um það bil 5 mínútur. Það er æskilegt að gera þessa meðferð 3 sinnum á dag ef hún á að hafa tilætluð áhrif.
4. Höndin vafin með teygjubindi í hvíldarstöðu. Er þá höndin fyllt með mjúku efni t.d. grisju.
5. Þrýstihanskar t.d. frá Jobst.
6. Gifsvafningar á einstaka fingur. Fingurinn er þá vafinn með mjóum gífuræmum. Skipt um daglega eða þegar sjúklingur getur auðveldlega tekið hólkin af.
7. Úlnliðsspelka úr plasti. Spelkan fær úlnlið í dorsalstöðu og auðveldar kraftgrip.

KREPPUR eru algengt vandamál eftir handskaða. Kreppur geta þróast þó að ýtrustu varkárni sé gætt. Erfiðast viðfangs eru kreppur í fingurliðum og þá fyrst og fremst í PIP liðum. Öll

þjálfun sem hefst fljótt eftir skaðann er ætíð vænlegri til að koma í veg fyrir kreppur. Spelkur með aktífu togi hafa reynst vel í sambandi við meðferð á kreppum. Skurðaðgerðir eru sjaldan vænlegar til árangurs því allar aðgerðir á höndum auka örmyndun og geta gert illt verra.

Síðast en ekki síst ber að nefna alvarlegan fylgikvilla eftir handskaða, en það er *reflex sympathetic dystrophy*. Helstu einkennin eru sársauki, bjúgmyndun, stirðleiki í liðum, breytingar á litarhætti handarinnar, beinþynning og atrofi. Þetta ástand er erfitt viðurneignar og langvinnt og getur leitt til varanlegrar örkuðlunar þrátt fyrir meðferð. Meðferð við þetta ástand er áframhaldandi þjálfun. Hér reynist heimaþjálfun oft árangurslítill og þarf sjúklingur því iðulega að þjálfast undir daglegri leiðsögn.

Meðferð eftir aðgerð á flexorisinu kemur oft til kasta handþjálfarans. Hér skal því að lokum lýst í stórum dráttum þeim atriðum sem eru mikilvægust í meðferðinni.

Slit á flexorsinu:

Þegar um er að ræða aðgerðir vegna slita á vöðvasinum þarf að gæta töluverðrar varúðar og fylgja nákvæmri áætlun þar sem álag er aukið og meðferð breytt eftir ákveðinni tímaskiptingu.

Vika 1-4:

Strax að aðgerð lokinni er lagt á svokallaða *Kleinert tog*. Það er spelka sem er sett dorsalt á hönd strax að lokinni aðgerð. Togið þarf að vera

Þannig úr garði gert að það veiti fulla virka extension og fulla passífa flexion. (sjá mynd 4).


Tilgangurinn með því er að hlífa vöðvasinunni en um leið að gefa passífa hreyfingu án þess að álagið á sinuna verði of mikið.

Í þessum fasa er mjög mikilvægt að viðhalda fullri extension í PIP og DIP lið. Sjúklingur má extendera að fullu að því marki sem spelkan leyfir.

Engin aktíf flexion er leyfð fyrstu fjórar vikurnar. Passíf flexion af hverjum lið fyrir sig. Passíf extension af DIP ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir kontraktur. Það er áriðandi að hafa MCP og PIP flekteraða til að koma í veg fyrir of mikið álag. Sjúklingur æfir stíft heima t.d. einu sinni á klukkutíma.

Vika 4-6:

Kleinert tog tekið burt og má setja í staðinn fyrir það armband með flex-



Mynd 4

ionstogi. Varkárar úlnliðsæfingar. Áfram extensionæfingar á móti toginu með úlnlið í miðstöðu.

Vika 6-8:

Allri spelkumeðferð hætt. Aktíf flexion og extension lið fyrir lið. Sjúklingur byrjar nú að beita hendinni við léttar athafnir heima fyrir. Ef kontraktúrur eru til staðar er nauðsynlegt að beita spelkumeðferð. Ef allt er eðlilegt er tími til kominn að sjúklingur fari að drífa sig í vinnuna.



Hólmfríður Traustadóttir

HJÚKRUNARSTARF Í SÓMALÍU

Haustið 1992 fór ég til Sómalíu á vegum Rauða Kross Íslands. Þar dvaldi ég í sex mánuði við hjúkrunarstörf. Ég vann á sjúkrahúsi sem heitir Keysaney og er í Mogadishue.

Keysaney tók til starfa í ársbyrjun 1992, byggingin var nýbyggt fangelsi með háum hvítum múrveggjum allt í kring. Það fylgdi því öryggi að vinna í "fangelsi" meðan stöðug skothríð var fyrir utan. Til okkar komu 15-30 sjúklingar dag hvern, flestir með fersk skotsár. Gerðar voru um 200 aðgerðir á viku. Keysaney var alltaf fullt en pláss var fyrir 160 sjúklinga, sem skiptist í fjórar deildir, tvær fyrir karlmenn, ein fyrir konur og börn og ein nokkurs konar gjörgæsla sem var blönduð deild fyrir veikustu sjúklingana. Auk þess var skurðstofa og mót-tökutjald. Ekki voru deildirnar líkar hvítskúruðu deildunum hér heima, þarna var þröngt, rétt hægt að komast á milli rúmana. Rúmin voru smíðuð á staðnum eins og flest sem við þurftum að nota. Ekki voru tæki til aðstoðar, enda ekki alltaf hægt að reíða sig á rafmagnið. Öll umönnun sjúklinganna gekk þó mjög vel og ekki saknaði ég allra þeirra tækja sem fylla stæði sjúklinganna hér heima. Samvinna við samstarfsfólk og sjúklinga var mjög ánægjuleg, þarna er fólk ekkert að flýta sér, gefur sér góðan tíma til að tala saman og snerting er mikilvægur þáttur í lífi þessa fólks.



Stundum fékk ég mér gönguferð á múrnum í kringum Keysaney, á aðra hönd blasti við mér Indlandshafið og hvít sandströndin en á hina eyðilegging vopnaskaks. Þarna sem áður var blómleg borg er nú allt í rúst.

Ég furðaði mig stundum á þeirri lífsgleði og bjartsýni sem ríkti meðal fólksins sem þarna býr.





Tímapantanir í síma 91-652885



STOÐ hf. er alhliða stoðtækjafyrirtæki og leggur áherslu á persónulega þjónustu.

STOÐ hf. er öflugasta stoðtækjafyrirtæki landsins. Innan fyrirtækisins er besta fínanleg þekking og kunnátta á öllum sviðum stoðtækja og hjálpartækja og tækjabúnaður er hinn fullkomnasti.

STOÐ hf. smíðar gervilími, sjúkraskó, innlegg o.fl. í samráði við lækna og sjúkra- og iðjuþjálf.

Einnig eru stöðluð stoðtæki og hjálpartæki, svo sem stoðbelti, umbúðir, hálskragar, hjólastólar og gervibrjóst, aðlöguð að þörfum viðskiptavina.

STOÐ hf. er óháð framleiðendum og notar bæði innlendan og erlendan búnað eftir því sem best hentar hverjum og einum.

Hjá STOÐ hf. hafa gæðin forgang. Til að bæta gæðin og þjónustuna leggur fyrirtækið áherslu á frumkvæði, ábyrgð og jákvætt umhverfi þar sem bæði starfsmönnum og viðskiptavinum líður vel.



skopla

Trönuhrauni 8 Pósthólf 409 222 Hafnarfjörður Sími 91-652885 Bréfsími 91-651423

OPIÐ HÚS

á vegum Háskóla Íslands 21. mars 1993

Á vegum Iðjupjálfafélags Íslands voru í kynningarnefnd:

Sigrún Ólafsdóttir

Póra Leósdóttir

Unnur Jóhannesdóttir

Hlín Guðjónsdóttir

Gunnhildur Gísladóttir

Dorothea Schultzer

Magnús Guðmundsson deildarstjóri upplýsingadeildar HÍ hafði samband við Hope bréfleiddis í janúar, og bauð II að taka þátt í kynningu á menntun á háskólastigi á höfuðborgarsvæðinu.

Ofangreindir iðjupjálfar hittust síðan á sínum fyrsta fundi í byrjun febrúar. Fundahöld voru meira og minna vikulega fram að kynningardeginum. Fyrstu fundir fóru í umræður um hvernig að þessu skyldi staðið, skilgreina markhópin, ræða reynslu frá í fyrra og hvaða kynningarefni væri til í fórum félagsins.

Verkum var skipt á milli hópmeðlima. Hope hafði viðrað við sjúkrapjálfa að við gætum verið í samfloti með þeim. Við byrjuðum á að hafa samband við Maríu Þorsteinsdóttur námsbrautarstjóra sjúkrapjálfunar. Einnig var haft samband við upplýsingadeildina og þátttaka okkar staðfest.

Úr varð að iðjupjálfun yrði kynnt í Læknagarði ásamt sjúkrapjálfun, læknisfræði, tannlækningum, tann-

smíði o.fl. Við fengum svo að segja að velja staðsetninguna í húsinu. Völdum við "anddyri" á þriðju hæð, í alfaraleið beint á móti lyftum hússins og við kaffisöluna. Við reiknuðum því með að við sæjumst örugglega.

Samkvæmt reynslu síðasta árs þótti mikilvægast að kynna námið sem slíkt. Hafa greinagóðar upplýsingar um námsgreinar, inngönguskilyrði, veggspjöld yrðu auðskilin, almenns eðlis en ekki miklar upplýsingar um sérhæfð starfssvið. Einnig að hafa lista yfir skóla og úrval af námsbókum til sýnis.

Rætt var um að hafa bæklinga frá nokkrum skólum en okkur þótti það of erfitt viðfangs þar sem lítið er til af nýjustu bæklingum og kannski ekki rétt að velja úr ákveðin lönd.

Einnig ákváðum við að nota þau kynningarmyndbönd sem félagið á en það eru tvær bandarískar myndir og ein dönsk. Ekki vorum við fullkomlega ánægðar með að hafa erlendar kynningarmyndir en það sýndi sig að vera betra en ekkert.


Það ber líka að nefna að Hjálpartækjabankinn lagði okkur lið með því að lána ýmis hjálpartæki sem við höfðum til sýnis og var það hið besta mál. Mappa félagsins frá 1986 lá frammi og er hún ágætis heimild um starfsemi Iðjupjálfafélagsins (ber þó að kippa minningargreinum úr).

Nú hófumst við handa við að útbúa veggspjöld. Við ræddum yfirskriftir og okkur kom saman um að hafa lítinn og skýran texta og einfaldar myndir.



Yfirskriftirnar voru:

- Hvað gera iðjupjálfar?
- Hvar starfa iðjupjálfar?
- Iðjupjálfar hafa samstarf við...
- Dæmi um námsgreinar



Að síðustu var eitt veggspjald með slagorðum af ýmsu tagi.

Veggspjöldin voru skærgul að lit og svart letur. Textinn var unninn á Mackintosh tölvu Endurhæfingar-

deildar Lsp., leturgerð Italic sem síðan var stækkað upp.

Reynsla:

Í stórum dráttum var kynningarefnið gott. Það reyndist fint að hafa upplýsingar um námsgreinar og lista yfir viðurkennda skóla. Veggspjöldin reyndust einnig vel.

Það sem mætti hafa í huga í framtíðinni:

- Hafa eitthvað af stærri hjálpartækjum t.d. hjólastól og tæknileg hjálpartæki til sýnis og prófunar.
- Spelkur vekja greinilega áhuga og væri hægt að sýna spelkugerð.
- Ath.!* Þetta fer þó algjörlega eftir því húsnæði sem í boði er.
- Myndband þyrfti að vera á íslensku og/eða slidesmyndasería til kynningar á starfinu og einstökum starfssviðum. Þetta þykir okkur brýnt verkefni fyrir næsta ár.
- Útbúa þyrfti bækling um námið, þ.e. almennar upplýsingar um inngönguskilyrði, námsgreinar, starfssvið m.m. Þetta þyrfti að vera einfaldur bæklingur sem fólk gæti tekið með sér.
- Ef leigja á sjónvarpsskjá eða myndbandstæki eða annan tækniútbúnað þarf að gera það með góðum fyrirvara!!
- Í kynningarhóp þurfa að veljast iðjupjálfar sem hafa lært í fleiri en einu landi.
- Það væri einnig gott að hafa karlkynsiðjupjálfa á staðnum (strákarnir dvöldu ekki við básinn, töldu þetta greinilega stelpufag).

Rögnvaldur Símonarson iðjubjálfi

STARF MITT HJÁ SVÆÐISSKRIFSTOFU MÁLEFNA FATLAÐRA Á NORDURLANDI EYSTRÁ

Til þess að lýsa starfi mínu hjá Svæðisskrifstofu fatlaðra tel ég nauðsynlegt að gera fyrst grein fyrir lögum um málefni fatlaðra og framkvæmd þeirra.

LÖG UM MÁLEFNI FATLAÐRA

Ný lög

Ný lög um málefni fatlaðra tóku gildi 1. september 1992 og leysa af hólmi eldri lög um málefni fatlaðra frá 1983. Í nýju lögunum er kveðið skýrar á um rétt fatlaðra til þjónustu samkvæmt almennum lögum svo og allri almennri þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga. Einnig er kveðið skýrar á um með hvaða hætti verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er háttað og hvernig sveitarfélögin svæðis- og samningsbundið geta yfirtekið þjónustu við fatlaða frá ríkinu.

Markmið og skilgreining

Í fyrstu grein laganna stendur orðrétt:

Markmið þessara laga er að tryggja fötl-
uðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við
aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim
skilyrði til að lifa eðlilegu lífi.

Í annarri grein stendur:

Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum
þessum sem er andlega eða líkamlega
fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu
og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt

við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfi-
hömlun, sjón- og heyrnarskerðingu.
Enn fremur getur fötlun verið afleið-
ing langvarandi veikindum, svo og
slysum.

Stjórnun og skipulag

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn málefna fatlaðra og félagsmálaráðuneyti annast stefnumótun, gerð heildaráætlana og eftirlit með framkvæmd laganna.

Stjórnarnefnd skal vera félagsmálaráðuneyti til ráðgjafar um málefni fatlaðra. Nefndin er skipuð af ráðherra til Fjögurra ára. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtökin Proska-
hjálp og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar, þar af annan formann. Stjórnarnefnd annast stjórn Framkvæmdasjóð fatlaðra sem ætlað er að standa undir stofnkostnaði við framkvæmdir vegna þjónustu við fatlaða.

Landinu er skipt í 8 starfssvæði, sem eru þau sömu og kjördæmin og fræðsluumdæmin.

Á hverju starfssvæði starfa svæðisráð í málefnum fatlaðra.

Í svæðisráði sitja sjö fulltrúar skipaðir af ráðherra til fjögurra ára í senn. Landssamtökin Proskahjálpi og Öryrkjabandalagið tilnefna sinn fulltrúann hvor og svæðisbundin samtök sveitarfélaga þrjá. Jafnframt eiga fræðslustjóri og héraðslæknir sæti í svæðisráði.

Samkvæmt gömlu lögunum voru Svæðisstjórnir bæði rekstrar og eftirlitsaðilar stofnana á starfssvæðinu, það þótti ekki nógu heppilegt. Þannig að nú sjá Svæðisráð um eftirlit og Svæðisskrifstofur um rekstur ríkisstofnana á starfssvæðinu.

Verkefni svæðisráða eru sem hér segir:

1. Að gera tillögur til félagsmálaráðuneytis og svæðisskrifstofu um þjónustu og stuðla að samræmingu hennar á svæðinu.
2. Að hafa eftirlit með að þjónusta, starfsemi og rekstur stofnana samkvæmt lögunum séu í samræmingu við markmið laganna.
3. Að veita félagsmálaráðuneyti umsögn um svæðisáætlanir, um uppbyggingu þjónustu fyrir fatlaða og nýja eða breytta starfsemi.
4. Að annast réttindargæslu fatlaðra. Þar á meðal að fatlaðir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.
5. Að hafa frumkvæði að aukinni ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra.

Framkvæmd þjónustunnar

Á hverju starfssvæði er starfrækt Svæðisskrifstofa í málefnum fatlaðra sem hafa með höndum eftirfarandi viðfangsefni:

1. Að annast rekstur fyrir fatlaða á vegum ríkisins s.s.: dagvistarstofnanir fyrir fötluð börn, skammtíma-vistun, leikfangasöfn, meðferðarheimili, sumarbúðir, dagvistarstofnanir fatlaðra, verndaða vinnustaði, skóladagheimili o.fl.
2. Að bera ábyrgð á framkvæmdum í málefnum fatlaðra sem veitt er fé til úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, og ekki eru á vegum sveitarfélaga eða sjálfseignastofnana.
3. Að safna upplýsingum um þörf fyrir þjónustu vegna fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.
4. Að annast gerð svæðisáætlunar til þriggja ára um uppbyggingu þjónustu við fatlaða.
5. Að veita svæðisráðum aðstoð og þjónustu til þess að þau geti sem best sinnt hlutverki sínu.
6. Að hafa umsjón með vistun fatlaðra á sambýli og ýmsar stofnanir t.d. vistheimili og meðferðarheimili.
7. Að annast ráðgjöf við stofnanir fyrir fatlaða.
8. Að hafa eftirlit með nýfæddum börnum og gera frumathuganir þegar grunur vaknar um fötlun af einhverju tagi.
9. Að aðstoða við atvinnuleit fyrir fatlaða og vinna að því að hæfing og endurhæfing tengist sem best atvinnu.
10. Að eiga samstarf við sveitarfélög vegna félagsþjónustu og ferlimála fatlaðra.
11. Að annast mat á umönnunarpörf fatlaðra barna samkvæmt lögum um almannatryggingar og taka við umsóknum þar að lútandi.

12. Að annast mat á þörf á fjárhagsaðstoð til fatlaðra vegna námskostnaðar, svo og til sjálfstæða atvinnustarfsemi eftir sérstökum reglum.
13. Að veita foreldrum fatlaðra barna afleysingapjónustu, með rekstri skammtímavistunarheimila og/eða með stuðningsfjölskyldum.
14. Að sjá til þess að fatlaðir fái sálfræðipjónustu og félagsráðgjöf á svæðinu.

Starfsemi Svæðisskrifstofunnar á Norðurlandi eystra

Á vegum Svæðisskrifstofu fatlaðra á Norðurlandi eystra eru rekin eftirtalin viðfangsefni:

- Sólarhringsstofnun fyrir þroskahefta
- Tveir verndaðir vinnustaðir
- Dagvistun fyrir fullorðna fatlaða
- 18 búsetueiningar (sambýli og sjálfstæð búseta með aðstoð)
- Atvinnuleit
- Sumardvöl
- Skammtímavistun
- Leikfangasafn

Hjá Svæðisskrifstofunni starfa u.þ.b. 160 manns í um 100 stöðugildum.

Svæðisskrifstofan sjálf skiptist í rekstrardeild og ráðgjafar- og greiningardeild.

Við ráðgjafar- og greiningardeildina starfa auk mín, einn samfélagsráðgjafi, einn þroskaþjálfari sem jafnframt er forstöðumaður Leikfangasafnsins og tveir sálfræðingar, en annar þeirra veitir deildinni forstöðu.

Hlutverk deildarinnar (sbr. einnig hlutverk Svæðisskrifstofa hér á undan) er ýmis konar fagleg stjórnun og skipulagning, svo og greining, stuð-

ingur við einstaklinga, fjölskyldur og stofnanir í formi ráðgjafar og fræðslu.

Á vikulegum fundum deildarinnar eru tekin fyrir þau erindi sem hafa borist og þeim útdeilt til starfsmanna deildarinnar allt eftir efni og ástæðum erindisins. En ákveðin verkaskipting er viðhöfð í deildinni milli starfsmanna, sem er of langt mál að útskýra hér, en skýrist að hluta til í lýsingu minni á hlutverki mínu í deildinni.

Erindi til deildarinnar koma frá einstaklingum, foreldrum, aðstandendum, starfsmönnum heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, starfsmönnum ungbarneftirlits, félagsmálastofnana, skóla og leikskóla, auk starfsmanna stofnanna Svæðisskrifstofunnar.

Hlutverk mitt við ráðgjafar- og greiningardeild

Eins og fram kom hér að framan er í deildinni ríkjandi ákveðin verkaskipting. Ein verkaskiptingin er sú að sumir taka að sér mál fullorðinna, en aðrir mál barna. Þetta á enn sem komið er, við um alla í deildinni, að mér undanskildum.

Erindi sem ég fæ til úrlausnar eru t.d. eftirfarandi:

- ráðgjöf við einstaklinga
- ráðgjöf við atvinnuleit
- ráðgjöf við stofnanir Svæðisskrifstofunnar
- aðstoð við útvegum hjálpartækja
- mál er varða ferlimál
- ýmis þróunar- og skipulagsstörf varðandi þjónustuna á svæðinu, oftast í samvinnu við aðra starfsmenn deildarinnar.

Auk erinda sinni ég ákveðnum afgreiðslumálum, en þau eru þessi:

- útvegun stuðningsfjölskyldna
- afgreiðsla umsókna um fjárhagsaðstoð við framfærendur fatlaðra barna
- umsóknum um fjárhagsaðstoð vegna

námskostnaðar og sjálfstæðrar starfsemi.

Einnig á ég sæti í föstum teymishópum sem funda reglulega um sérstök mál t.d. húsnæðismál fatlaðra, tómstundar og félagslíf fatlaðra og atvinnumál fatlaðra.

STYRKJARLÍNUR

A. Karlsson

Brautarholti 28 s. 27444



Grensásvegi 7 s. 682468

Ræsir hf.

Skúlagötu 59 s. 619550

Hjúkrunarheimilið Skjól

Kleppsvegi 64 s. 688500

Þorvaldur Jónsson
skipamiðlari

Hafnarhúsinu s. 621120

Þórir B. Guðjónsson

Hafnarbraut 1d s. 40233

DUX og Gegnum glerið

Faxafeni 7 s. 689950

Björk Pálsdóttir iðjubjálfi
hjálpartækjamiðstöð TR

BREYTINGAR Á HJÁLPARTÆKJAREGLUM TRYGGINGASTOFNUNAR

Reglur Tryggingastofnunar um hjálp-
artæki hafa tekið töluverðum breyt-
ingum frá ársbyrjun 1992. Ég ætla að
kynna þessar breytingar í megindrätt-
um, ástæður þeirra og hvaða árangur
hefur orðið á þessum breytingum.

Skv. 39. grein laga um almannatrygg-
ingar þá setur tryggingaráð reglur um
hjálpartæki. Almennu reglurnar eru
þær að veitt eru hjálpartæki til þeirra
er búa í heimahúsi. Skilyrði fyrir
hjálpartækjum eru minnkuð færni,
sjúkdómar og/eða aldur. Aðallega er
um að ræða hjálpartæki til sjálfsbjarg-
ar, öryggis, þjálfunar og meðferðar.

BREYTINGAR ÁRSBYRJUN 1992

Fjárveiting til hjálpartækja var dregin
saman um 100 millj. kr. eða um 20%
milli ára 1991 og 1992. Kostnaður
Tryggingastofnunar ríkisins vegna
hjálpartækja 1991 var rúmlega 500
millj.kr., þannig að fjárveiting fyrir
1992 var 400 millj.kr.

Til að ná þessum samdrætti var regl-
um um hjálpartæki breytt. Við þær
breytingar var haft í huga að skera
ekki niður þar sem um frumþarfir
væri að ræða. Breytingarnar fólust í
eftirfarandi:

- Almennt meira aðhald/strangari

reglur, t.d. takmarkanir við fjölda á
ákveðnu tímabili (t.d. ein halsa fyrir
gervilim á ári, eitt gervibrjóst á ári).

- % hlutfall TR lækkað í tækjum, t.d.
mörg baðhjálpartæki, vinnu- og
hvíldarstólar í 60%, sem áður var
70/100%, smá hjálpartæki t.d. við
matargerð úr 70% í 50%.

- Fast hámarksverð á tækjum auk
ákveðins %-hlutfalls (viðmiðunar-
verð fundið).

- Greinarmunur gerður milli lífeyris-
þega og annarra, þannig að aðrir en
lífeyrisþegar þurfa að taka meiri þátt
í greiðslum á sumum hjálpartækjum
t.d. sykursýkisbúnaði og stomavör-
um.

- Hætt að styrkja sum hjálpartæki,
t.d. teygjusokka, baðmottur.

Árangurinn eftir árið var samdráttur
um rúmlega 50 millj.kr. Auk sparn-
aðar vegna áðurgreindra aðgerða,
jókst endurnýting hjálpartækja á árinu
1992.

BREYTING 1. JANÚAR 1993

Hjálpartæki fyrir aldraða
á öldrunarstofnunum:

1. janúar 1993 tók í gildi ný reglugerð
frá Heilbrigðis- og tryggingamála-
ráðuneytinu um greiðslur öldrunar-

stofnana fyrir heilbrigðisþjónustu. Þar kemur fram að öldrunarstofnanir (vistrými aldraðra, dvalarheimili og hjúkrunarheimili) eigi að sjá um öll hjálpartæki fyrir sína vistmenn, þó ekki gleraugu, heyrnartæki eða hjólastóla. Tryggingastofnun sér um að veita hjólastóla til þessara vistmanna ef þeir eiga rétt á þeim skv. reglum stofnunarinnar.

Hjálpartæki fyrir sjónskerta:

Í fjárlögum fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir að sú afgangsla sem verið hefur á hjálpartækjum fyrir sjónskerta hjá sjúkratryggingadeild TR flyst alfarið

yfir til Sjónstöðvar Íslands. Þar með hefur úthlutun allra hjálpartækja fyrir sjónskerta verið á ábyrgð Sjónstöðvar Íslands frá 1. janúar sl.

Á þessum stöðum starfa sérfræðingar á sviði hjálpartækja fyrir annars vegar sjónskerta og heyrnarskerta. Þar sem hluti hjálpartækja var afgreiddur frá stöðvunum, var talið eðlilegt að þessi mál flyttust alfarið frá Tryggingastofnun til Sjónstöðvar og Heyrnar- og talm.stöðvar. Auðveldar væri að fylgjast með þessum hjálpartækjum þar svo og yrði endurnýting betur möguleg.



Guðrún Á. Einarsdóttir iðjuþjálfari

ÖLDRUNARÞJÓNUSTA Í HÁTEIGSKIRKJU

Iðjuþjálfar koma víða við. Síðan í haust hef ég starfað í Öldrunarþjónustu Háteigskirkju. Blaðanefnd kom að máli við mig og bað mig að greina frá því starfi sem þarna fer fram, sem ég mun nú reyna að gera.

Þessi þjónusta hefur verið starfrækt í sókninni síðan árið 1987. Nú eru tvær fullar stöðuheimildir, og erum við þrjár sem skiptum þeim, ein í fullu starfi og tvær í hlutastarfi.

En hvers vegna slíkt starf innan kirkjunnar?

Þjónusta og líknarstörf innan kristinnar kirkju, eru engin ný tíðindi og ná allt til frumkristni. Jesús Kristur flutti boðskap sem grundvallaðist á kærleika Guðs til allra manna sem endurspegladist í lífi Krists hér á jörðu. Boðun hans og líf eru sú fyrirmynd sem kristin kirkja hefur og í henni felst hvatning til allra kristinna manna að reynast hver öðrum meðbræður og systur í hinu daglega lífi. Í þjóðfélagi okkar í dag, hefur hið opinbera kerfi tekið við hinum ýmsu líknar- og þjónustustörfum. En kirkjan er nú samt þarna enn og verður vonandi alltaf. Því í gegnum tíðina hefur hún einmitt oft verið brautryðjandi í þessum málum og hið opinbera kerfi svo tekið við. T.d. voru það kvenfélög hinna ýmsu sókna sem höfðu forgöngu um fót snyrtingu, hárgreiðslu og jafnvel leikfimi fyrir gamalt fólk í

sóknum sínum, áður en farið var að bjóða upp á þessa þjónustu í þjónustumiðstöðvunum. Og enn í dag býður kirkjan þessa þjónustu þar sem ekki eru þjónustumiðstöðvar í grenndinni. Það má því segja að það kemur í hlut kirkjunnar að leita uppi ný verkefni á hverjum tíma og reyna að mæta þeim þörfum sem brýnastar eru í það og það skiptið.

Að mínu áliti er þetta einmitt í miklum samhljómi við boðun Krists sem sagðist vera kominn til að leita að hinu týnda og frelsa það. Eða eins og Hanna Þórarinsdóttir hjúkrunarfræðingur sem hóf starfið í Háteigskirkju kemst að orði í grein sinni um þessi mál: "Þrátt fyrir margs konar tilboð þjóðfélagsins hinum öldruðu til handa eru sumir innilokaðir á heimilum sínum ýmissa hluta vegna, vanmáttugir, einir og afskiptir, í fjötrum - áunnun með eða án vilja. Kærleiksþjónusta við þá hlýtur að vera meðal brýnni verkefna kirkjunnar."

Tilhögun starfsins

Frá byrjun starfsins í Háteigskirkju hefur þjónustan við hina öldruðu, nær eingöngu verið bundin við vitjanir í heimahús og er svo enn. Starfsvettvangur okkar er sóknin öll og stór hluti íbúa hennar er einmitt aldrað fólk, það eru því næg verkefni. Hvernig við komumst í samband við skjólstaðingana er eftir mismunandi leið-

um. Reynslan hefur sýnt að oft er það þannig, að þeir sem helst þyrftu á hjálp að halda leita ekki eftir henni og því höfum við reynt að leita fólkið uppi til að bjóða þjónustuna. Einnig fáum við ábendingar frá nágrönnum, heimahjúkrun, heimilishjálpar eða öðrum sem nærri eru. Þessi þjónusta er í gangi allt árið. Það er ekki síður um helgar og á hátíðum sem þörfin er, einmitt þegar hin opinbera þjónsuta er minni.

Hver vitjun er jafnbreytileg eins og einstaklingarnir eru margir. En í hvert sinn reynum við að koma inn í þær aðstæður sem efst eru í huga viðkomandi í það og það skiptið. Hanna lýsir starfinu svo í grein sinni:

Að fenginni reynslu þessara ára er unnt að lýsa megininntaki þessarar starfsemi í einu orði - vinátta. Samnefningarinn er vinátta. Starfið er fólgið í því að vera vinur og rækta vináttuna. Við bjóðum okkur fram sem vini og tækin eru - við sjálfar án tillits til menntunar eða stöðu.

Tímalengd hverrar vitjunar er mjög mismunandi eins og fjöldi vitjana. Sumir þurfa stutta heimsókn daglega, aðrir sjaldnar og þá e.t.v. lengri tíma í einu, en í hvert skipti reynum við að meta þörfina og haga starfi okkar eftir því.

Okkur hefur ekki reynst vel að festa ákveðna tíma nema hjá fáum einstaklingum þar eð oft er erfitt að segja nákvæmlega til um hvenær dagsins við getum komið. Mikilvægt er þó að virða fastar venjur.

Ef skjólstæðingar okkar þurfa að fara á sjúkrahús eða flytjast búferlum á dvalarstofnanir höldum við áfram að fara í vitjanir á hinn nýja stað. Á slíkum stundum er einmitt mikil þörf á að viðhalda tengslunum. Sérstaklega ef fjölskyldutengsl eru lítil.


En hvernig nýtist mín menntun?

Í þessu starfi kem ég ekki til skjólstæðingsins sem iðjuþjálfari og tek þar af leiðandi engann í iðjuþjálfameðferð. Hins vegar finnst mér mitt nám og starfsreynsla nýtast mér mjög vel. Í hverri heimsókn er ég að meta aðstæður og þörf fyrir aðstoð út frá því sem ég heyri og sé hjá skjólstæðingnum. Þannig að æfingin í að rannsaka, meta og ákveða meðferð út frá því, er góður undirbúningur. Einnig allt það sem ég hef lært um manneskjuna bæði líkamlegt og geðrænt því það gerir mig hæfari til að meta hvenær er þörf á að leita hjálpar hjá öðrum aðilum. Öll reynsla og lærdómur í mannlegum samskiptum er til góðs. Þetta er þjónusta þar sem ég mæti fólkinu inni á þeirra eigin heimili, kynnist e.t.v. aðstandendum eða öðrum sem í kring eru og því verða samskiptin stór hluti af starfinu.

Að þekkja innviði kerfisins og hafa verið að vinna innan þess er líka styrkur.

Það hefur verið mjög gaman að takast á við þetta starf og sjá að sú menntun sem ég hef aflað mér getur nýst á hina ýmsu vegu. Sú reynsla sem ég hef hlotið í starfinu á örugglega einnig eftir að koma mér til góða þegar og ef ég fer aftur að vinna sem iðjuþjálfari innan hins hefðbundna kerfis. Með því að sinna fólki á þennan hátt í heimahúsi fæst önnur heildarsýn sem einmitt kemur til góða þegar staðið er frammi fyrir einstaklingum inni á stofnun.

Heimildir: Grein "Þjónusta við aldraða á vegum kirkjunnar" eftir Hönnu Þórarinsdóttur hjúkrunarfræðing. *Hjúkrunarblaðið* 2/92, 68. árg.



Höfum þjónað íslenska markaðnum í 15 ár
Þökkum gott samstarf

AUSTURBAKKI HF.

LAUSAR STÖÐUR

BORGARSPÍTALINN**Vefrænar deildir**

100% staða **Deildariðjuþjálfar III** á Endurhæfinga- og taugadeild (Grensásdeild) - Afleysingarstaða í barnseignarleyfi frá 1. maí 1993 til 30. apríl 1994.

50% staða **Deildariðjuþjálfar II** á Endurhæfinga- og taugadeild (Grensásdeild) frá 1. júní 1993.*

* Starfsvettvangur alm. mat- og endurhæfing sjúklunga með taugasjúkdóma, höfuðáverka, fjölaverka, gigtarsjúkdóma o.fl.

100% staða **Deildariðjuþjálfar III** við alm. lyflæknisdeildir á spítalanum í Fossvogi auk umsjónar með starfsemi iðjuþjálfunar á fjarlægum deildum. - Staðan er laus frá 15. ágúst 1993.*

* Starfsvettvangur alm. mat, þjónusta og endurhæfing sjúklinga á bráðadeildum.

100% staða - Föst afleysingarstaða **Deildariðjuþjálfar II** við vefrænar deildir spítalans. Staðsetning óákveðin þar til síðar.

Ath.! Við iðjuþjálfun er rotationskerfi sem gefur möguleika á deildaskiptingu með ákveðnu millibili. Við getum því boðið upp á ákveðna fjölbreytni í starfi þar sem reynt er að koma til móts við áhugasvið hvers og eins.

**BJARKARÁS
HÆFINGARSTÖÐ**

Bjarkarás við Stjörnugróf 9 hóf starfsemi í nóvember 1971 og er hæfingarstöð fyrir 45-48 fatlaða einstaklinga frá 17 ára aldri.

Markmið er að hæfa þá til starfa á vernduðum vinnustöðum eða öðrum stöðum er henta viðkomandi.

Lögð er áhersla á félags- og starfsþjálfun aukatferlisleiðbeininga.

Í Bjarkarási starfa þroskaþjálfar, uppeldismenntað starfsfólk, auk þess eru læknir og félagsráðgjafi í hluta-störfum.

LAUSAR STÖÐUR

LANDSPÍTALINN

Endurhæfingar- og hæfingardeild í Kópavogi

100% starf. Hér er um nýja starfsemi að ræða í nýju húsnæði. Væntanlegir iðjupjálfar yrðu forgangsmenn um mótun nýrrar starfsemi og myndu þar af leiðandi hafa mikil áhrif á starfs-svið og samvinnu við aðrar fagstéttir.

Framtíðarstarfsemi Endurhæfingardeildar er enn í mótun og því ekki ljóst hvernig "sjúk-lingar" koma til með að dvelja hér í framtíð-inni.

Það er hins vegar ljóst að mikil þörf er nú þegar á góðum iðjupjálfa við þjálfun þeirra sem fyrir eru, svo og í tengslum við útskriftir þeirra sem munu flytjast héðan á sambýli.

Öldrunarlækningadeild Iðjupjálfi/verkefnisstjóri

100% starf á Öldrunarlækningadeild Landspítala er laust til umsóknar nú þegar eða eftir samkomulagi.

Iðjupjálfun sinnir 3 legudeildum, dagdeild og móttökudeild.

Nú starfa 2 iðjupjálfar (í 1½ stöðu) og 2 aðstoðarmenn við deildina.

Iðjupjálfar veita fjölbreytta þjónustu við aðra fagaðila.

Upplýsingar veitir Rósa Hauksdóttir, yfiriðjupjálfi í síma 60 22 57.

HEILSUHÆLIÐ HVERAGERÐI

Óska eftir að komast í samband við iðjupjálfa með ráðgjöf í huga í sambandi við uppbyggingu á iðjupjálfun og/eða framtíðarstarfi.






SERÍA 100

HÖNNUN: FLEMMING HVIDT

**Til notkunar á sjúkrahúsum,
hjúkrunar- og dagvistarheimilum og
einkaheimilum.**

Húsgögn sem hægt er að sníða að
þörfum hvers og eins, -allt frá
einföldum stólum til flókinna
gerða með margvíslegum rafbúnaði.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



STILL

EPAL HF. FAXAFENI 7 108 REYKJAVÍK SÍMI 91 687733 FAX 91 687740

Enn aukum við úrvalið og nú bjóðum við eftirtalda hjólastóla frá:



SCANDINAVIAN MOBILITY

Moover 75 & 85



SPINNER

REA

XLT

Kannið verð og þjónustu hjá okkur.

Tònika h.þ. Umboðs og heildverslun

Melabraut 35, 170 Seltjarnarnesi s. 91-611668

HJÁLPARTÆKJABANKINN



Hvernig gengur þér

*að gera það sem áður var auðvelt, svo sem
að fara í bað, klæðast, ganga, matast,
standa upp af salerninu?*

Ef þú átt í erfiðleikum

*með þessar athafnir, hafðu þá samband við
okkur í Hjálpartækjabankanum. Við munum
aðstoða þig við að velja réttu hjálpartækin.*

*Höfum ávallt fyrirbyggjandi fjölbreytt úrval
hjálpartækja.*

Sími (91)-623333.

HJÁLPARTÆKJABANKINN



Hátúni 12, sími 62 33 33, telex nr. 2180, Reykjavík